



Global Entrepreneurship Monitor

Umfang og umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi 2003

**Rannsóknarmiðstöð HR
í nýsköpunar- og frumkvöðlafræðum**

Rögnvaldur J. Sæmundsson
Guðrún Mjöll Sigurðardóttir



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

Mars 2004

Öllum er frjálst að nota efni úr skýrslu þessari en þess er óskað að getið sé heimildar.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
1 Inngangur	8
2 Uppbygging GEM rannsóknarinnar	9
2.1 Bakgrunnur	9
2.2 GEM-líkanið	10
2.3 Stofnun og viðgangur nýrra fyrirtækja	12
2.4 Hvernig er gagnanna aflað	13
2.5 Samantekt	14
3 Frumkvöðlastarfsemi á Íslandi	15
3.1 Inngangur	15
3.2 Hvernig mælir GEM frumkvöðlastarfsemi?	15
3.3 Ísland í alþjóðlegum samanburði	17
3.4 Stofnun og viðgangur nýrra fyrirtækja	18
3.5 Áhættufjármagn til frumkvöðlastarfsemi	21
3.6 Samantekt	23
4 Hvað einkennir íslenska frumkvöðlastarfsemi?	24
4.1 Inngangur	24
4.2 Hverjir eru frumkvöðlar?	24
4.3 Hvernig fyrirtæki er um að ræða?	26
4.4 Væntingar til vaxtar og nýsköpunar	27
4.5 Samantekt	32
5 Umhverfi frumkvöðlastarfsemi	33
5.1 Inngangur	33
5.2 Afstaða til frumkvöðlastarfsemi	33
5.3 Grunnskilyrðin	39
5.4 Styrkleikar, veikleikar og breytingar	44
5.5 Samantekt	48
6 Niðurstöður og ályktanir	50
7 Viðauki – Verkefnastjórn, rannsóknarteymi og styrktaraðilar	51

Töfluskrá

Tafla 2.1 GEM-löndin sem taka þátt í rannsókninni	9
Tafla 4.1 Heildarfrumkvöðlastarfsemi eftir tekjuflokkum	26
Tafla 4.2 Frumkvöðlastarfsemi eftir atvinnugreinum	27
Tafla 4.3 Fjölgun starfa	28
Tafla 4.4 Hlutfall viðskiptavina sem býr og mun búa erlendis	28
Tafla 4.5 Væntingar frumkvöðla til rekstursins	29
Tafla 4.6 Fjöldi fyrirtækja eftir vaxtaáformum og nýsköpun	31
Tafla 5.1 Afstaða til frumkvöðlastarfsemi	35
Tafla 5.2 Menning og viðhorf	38

Myndaskrá

Mynd 2.1 GEM líkanið	10
Mynd 2.2 Stofnun og viðgangur nýrra fyrirtækja	12
Mynd 3.2 Heildarfrumkvöðlastarfsemi - Tækifæri eða nauðsyn?	18
Mynd 3.3 Fjöldi þeirra sem telja sig hæfa til frumkvöðlastarfsemi	19
Mynd 3.4 Fyrirtæki á meðgöngustiginu	19
Mynd 3.5 Fjöldi nýrra fyrirtækja	20
Mynd 3.6 Framtaksfjárfestingar og einkafjárfestingar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu	21
Mynd 3.7 Hlutfall framtaksfjárfestinga og einkafjárfestinga	21
Mynd 3.8 Tíðni einkafjárfesta	22
Mynd 4.1 Heildarfrumkvöðlastarfsemi eftir kyni og aldri	25
Mynd 4.2 Menntunarstig	25
Mynd 4.3 Samband væntinga um vöxt og nýsköpun	30
Mynd 5.1. Menningar- og viðhorfsvísitala	37

Samantekt

Global Entrepreneurship Monitor (GEM) er alþjóðlegt rannsóknarsamstarf sem árlega metur umfang og umhverfi frumkvöðlastarfsemi víðs vegar í heiminum. Árið 2003 tók 31 land þátt í rannsókninni en allt í allt hefur 41 land komið að rannsókninni.

Árið 2002 tók Ísland þátt í GEM í fyrsta skipti og er þessi skýrsla því önnur í röðinni. Háskólinn í Reykjavík er samstarfsaðili fyrir Íslands hönd og fer með framkvæmd rannsóknarinnar með stuðningi Samtaka atvinnulífsins, Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, Forsætisráðuneytisins og Seðlabanka Íslands. Með þátttöku í samstarfinu er okkur gert kleift að bera saman frumkvöðlastarfsemi á Íslandi og í öðrum löndum.

Virkir í frumkvöðlastarfi teljast þeir einstaklingar á aldrinum 18-64 ára sem annaðhvort eru (i) að undirbúa stofnun fyrirtækis eða (ii) eigendur og stjórnendur nýrra fyrirtækja yngri en 42 mánaða.

Í fyrsta hluta skýrslunnar er aðferðarfræði GEM lýst en næstu þrjú kaflar fjalla sérstaklega um frumkvöðlastarfsemi á Íslandi. Áhersla er lögð á þrjú atriði:

- Frumkvöðlastarfsemi á Íslandi í alþjóðlegum samanburði
- Einkenni íslenskrar frumkvöðlastarfsemi
- Mat íslenskra sérfræðinga á umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi

Frumkvöðlastarfsemi á Íslandi í alþjóðlegum samanburði

Heildarumfang frumkvöðlastarfsemi á Íslandi hefur ekki breyst mikið frá síðasta ári en um 11,2% Íslendinga á aldrinum 18-64 ára flokkast sem frumkvöðlar samkvæmt forsendum þessarar rannsóknar. Langstærsti hlutinn er að stofna fyrirtæki til að nýta viðskiptatækifæri en aðeins örfáir vegna þess að ekkert skárri stendur til boða. Í samanburði við hin GEM löndin er mikil frumkvöðlastarfsemi á Íslandi.

Áhugavert er að þeir sem voru að undirbúa stofnun fyrirtækis vorið 2003 eru marktækt fleiri en þeir sem voru í sömu sporum árið á undan eða 7,3% miðað við 5,6% árið 2002. Marktækt færri voru hins vegar búnir að stofna fyrirtæki á síðustu 42 mánuðum árið 2003 en árið 2002 eða 4,4% í stað 6,2%. Í báðum tilvikum er Ísland hæst allra Evrópulandanna.

Rúmlega 7% allra Íslendinga á aldrinum 18-64 ára eru að leggja fé í rekstur nýrra fyrirtækja í eigu annarra og eru því skilgreindir sem einkafjárfestar. Fjöldi einkafjárfesta er með hæsta móti á Íslandi í samanburði við hin GEM löndin og fjárfestingar þeirra sem hlutfall af vergri landsframleiðslu eru í meðallagi. Á Íslandi er hlutfall fjárfestinga frá framtaksfjárfestium hins vegar aðeins einn sautjándi hluti þess fjármagns sem kemur frá einkafjárfestum.

Einkenni íslenskrar frumkvöðlastarfsemi

Kannað var hvort umfang frumkvöðlastarfsemi væri mismunandi eftir aldri, kyni, menntun og tekjum. Niðurstöðurnar eru ekki ósvipaðar því sem þær voru árið 2002. Karlar eru

tvöfalt líklegri til að stofna fyrirtæki en konur. Flestir eru að stofna fyrirtæki á aldrinum 25-54 ára.

Þegar litið er á einstaklinga eftir því hvaða menntun þeir hafa þá eru þeir sem hafa lokið framhaldsskólaprófi virkastir í að stofna fyrirtæki. Háskólamenntuðu fólki sem stofnar fyrirtæki hefur því fækkað frá árinu 2002.

Flestir frumkvöðlanna hafa tekjur í meðallagi miðað við aðra í þjóðfélaginu. Þeir sem eru í tekjuhæsta þriðjungnum eru hins vegar líklegri til að stofna fyrirtæki en í lægri tekjuflokkunum.

Færri undirbúa stofnun eða hafa stofnað fyrirtæki í sérhæfðri viðskiptaþjónustu en árið 2002 og fleiri í hefðbundnum atvinnugreinum.

Væntingar Íslenskra frumkvöðla til fjölda starfsmanna, nýsköpunar og útrásar eru talsverðar og meiri en gengur og gerist í mörgum hinna GEM-landanna. Þrátt fyrir það eru væntingar talsvert minni en þær voru árið 2002. Um 6% vænta þess að rekstur þeirra sé talsvert nýskapandi og að starfsmenn verði fleiri en sex þegar fyrirtækið er fimm ára.

Umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi

Afstaða til frumkvöðlastarfsemi skiptir máli. Þeir sem þekkja frumkvöðul sem hefur stofnað fyrirtæki, þeir sem telja að viðskiptatækifærin séu til staðar og telja sig hafa þá þekkingu, kunnáttu og hæfni til að stofna fyrirtæki eru mun líklegri en aðrir til þátttöku í frumkvöðlastarfi. Afstaða Íslendinga til þessara þátta, hvort sem um er að ræða almenning eða sérfræðingana, er upp til hópa jákvæð. Tekjuháir, vel menntaðir karlmenn eru jákvæðastir í þessu tilliti.

Viðhorf og menning skiptir líka máli þ.e. viðhorf almennings til þess að frumkvöðlar skari fram úr og öðlist frægð og frama. Í heild stendur Ísland vel þegar litið er á menningarleg og samfélagsleg viðhorf og það ætti því ekki að hindra fólk í að sýna frumkvæði og stofna fyrirtæki.

Viðtölin við sérfræðingana og spurningarlistarnir sem þeir svöruðu gefa mikilvægar vísbendingar um það umhverfi sem frumkvöðlar starfa í, hvað gert er vel og hvað megi betur fara. Í örstuttu máli má segja að skortur á fjármagni standi frumkvöðlastarfsemi fyrir þrífum á Íslandi. Almenn þekking er góð en sérþekkingu, rekstrarþekkingu, tækniþekkingu og þekkingu á markaðsmálum er ábótavant en síðast en ekki síst þá þarf hið opinbera að móta sér skýrari stefnu í málefnum frumkvöðlastarfsemi og nýsköpunar. Einfalda þarf það stuðningskerfi sem fyrir er.

Niðurstöður og ályktanir

Árið 2002 voru helstu niðurstöður GEM skýrslunnar að umfang frumkvöðlastarfsemi væri mikið en skortur á fjármagni og almennri frumkvöðlamenntun kæmi í veg fyrir að sá kraftur sem byggi með Íslendingum væri nýttur nógu vel. Lögð var áhersla á að stjórnvöld

hefðu mikilvægt hlutverk í að marka stefnu og aðgerðir til þess að taka á þessum veikleikum.

Í raun og veru hefur ekki mikið breyst milli ára. Umfangið er áfram mikið, fjármagn hefur ekki aukist og enn skortir almenna frumkvöðlamenntun. Lítið hefur borið á stefnumörkun og aðgerðum stjórnvalda til þess að taka á helstu veikleikum í umhverfi íslenskra frumkvöðla. Helstu breytingarnar eru þær að sá kraftur sem býr með Íslendingum virðist fara dvínandi. Færri fyrirtæki hafa verið stofnuð og fleiri undirbúa stofnun fyrirtækja. Væntingarnar til starfseminnar hafa minnkað. Hugsanlegt er að þetta sé merki þess að íslenskir frumkvöðlar séu raunsærri og gefi sér meiri tíma til þess að undirbúa stofnun fyrirtækja sinna. Hins vegar er líka hugsanlegt að þetta sé merki þess að erfiðleikar við stofnun og rekstur nýrra fyrirtækja séu byrjaðir að draga kraftinn úr íslenskum frumkvöðlum.

1 Inngangur

Frumkvöðlastarfsemi hefur tvíþætta þýðingu í hverju landi. Annars vegar er frumkvöðlastarfsemi mikilvægur vettvangur fyrir nýsköpun en nýsköpun er einn megindrífkraftur hagþróunar og hagvaxtar. Hins vegar getur frumkvöðlastarfsemi haft mjög jákvæð áhrif á atvinnusköpun sem oft er álitin einn mikilvægasti áhrifavaldurinn á velferð þjóða.

Á vegum Global Entrepreneurship Monitor (GEM) rannsóknarsamstarfsins eru umfang og umhverfi frumkvöðlastarfsemi árlega könnuð á samræmdan hátt í allt að 40 löndum. Á hverju ári er gefin út alþjóðleg skýrsla þar sem niðurstöðurnar eru bornar saman milli þátttökulandanna en auk þess er gefin út sérstök skýrsla í hverju landi fyrir sig þar sem niðurstöðum viðkomandi lands er lýst nánar. Þetta er í annað sinn sem íslenska skýrslan kemur út og er því í fyrsta sinn hægt að bera saman niðurstöður könnunarinnar á milli ára. Samhliða því kemur auk þess út sérstök skýrsla um fjármálavanda nýrra fyrirtækja á Íslandi.

Í heild má segja að litlar breytingar hafi orðið milli ára í umfangi og umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi. Eins og í fyrra er umfangið mikið í samanburði við hin GEM löndin og helstu veikleikar umhverfisins halda áfram að vera skortur á fjármagni og almennri frumkvöðlamenntun. Þó eru ýmis teikn á lofti um að krafturinn í íslenskum frumkvöðlum hafi minnkað milli ára.

Uppbygging skýrslunnar er eftirfarandi: Í kafla 2 er fjallað um grundvöll GEM rannsóknarinnar og þá aðferðarfræði sem hún byggir á. Í kafla 3 er fjallað um umfang frumkvöðlastarfsemi á Íslandi og hún borin saman við önnur GEM lönd. Í kafla 4 er fjallað um helstu einkenni á íslenskri frumkvöðlastarfsemi hvað varðar aldur, kyn, menntun og tekjur þeirra einstaklinga sem taka þátt í frumkvöðlastarfsemi og hvaða væntingar þeir hafa um framtíð fyrirtækja sinna. Í kafla 5 er fjallað um umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi og í lokin er niðurstöðum rannsóknarinnar safnað saman og dregnar af þeim ályktanir.

2 Uppbygging GEM rannsóknarinnar

2.1 Bakgrunnur

Global Entrepreneurship Monitor (GEM) er alþjóðleg rannsókn á frumkvöðlastarfsemi sem hefur á undanförunum fimm árum haslað sér völl sem ein umfangsmesta rannsókn á frumkvöðlastarfsemi í heiminum og sú eina sem aflar samanburðarhæfra gagna um frumkvöðlastarfsemi meðal svo margra þjóða. Í ár byggja niðurstöðurnar á gagnaöflun frá 31 landi en allt í allt hefur 41 land tekið þátt.

Forsagan að verkefninu er sú að árið 1997 ákváðu London Business School og Babson College að leiða saman helstu sérfræðinga heimsins á sviði frumkvöðlastarfsemi og fengu til liðs við sig Kaufmann Center for Entrepreneurship. Spurningarnar sem þeir vildu leita svara við voru:

- Hvort frumkvöðlastarfsemi hafi áhrif á hagvöxt landa
- Hvort munur sé á eðli og umfangi frumkvöðlastarfsemi í hverju landi
- Hvað leiði til umfangsmikillar frumkvöðlastarfsemi
- Hvort niðurstöður rannsóknarinnar geti nýst stjórnvöldum við ákvarðanir sínar.

Íslandi var boðin þátttaka árið 2002 og er þessi rannsókn því framkvæmd í annað skipti hér á landi.

Tafla 2.1 GEM-löndin sem taka þátt í rannsókninni


Evrópa		Ameríka	Asía	Önnur svæði
Belgía	Noregur	Kanada	Kína	Ástralía
Danmörk	Portúgal	Bandaríkin	Taiwan	Ísrael
Finnland	Pólland		Hong Kong	Nýja-Sjáláland
Frakkland	Rússland	Argentína	Indland	Suður-Afríka
Stóra-Bretland	Svíþjóð	Brasilía	Japan	Úganda
Írland	Sviss	Chíle	Singapore	
Ísland	Slóvenía	Mexíkó	Suður-Kórea	
Ítalía	Spánn	Venesúela	Tæland	
Grikkland	Ungverjaland			
Holland	Þýskaland			
Króatía				

2.2 GEM-líkanið

GEM skilgreinir frumkvöðlastarfsemi sem sérhverja tilraun einstaklinga, hóps einstaklinga eða fyrirtækja til stofnunar fyrirtækis.

Í þeim tilgangi að rannsaka áhrif frumkvöðlastarfsemi á hagvöxt var sett upp líkan sem lýsir hagkerfi (sjá mynd 2.1).

Mynd 2.1 GEM líkanið



Samfélags-, menningar- og stjórnmálalegt umhverfi hefur áhrif á almennt umhverfi til fyrirtækjareksturs hvort sem um ræðir starfandi fyrirtæki eða þau sem eru að hefja rekstur.

Efri hluti myndarinnar, grálitaða svæðið, lýsir áhrifum starfandi fyrirtækja. Þjóðhagslegar aðstæður skipta máli fyrir það hvort fyrirtæki vaxa og dafna og þær skapa þann grundvöll sem fyrirtækin hafa til að keppa í alþjóðlegu samkeppnisumhverfi.¹ Velgengi starfandi fyrirtækja hefur áhrif á frumkvöðlastarfsemi með því að skapa þeim tækifæri.

Neðri hluti líkansins er sá hluti sem GEM einbeitir sér að. Tekin eru fyrir níu grunnskilyrði sem öll eru talin hafa áhrif á frumkvöðlastarfsemi á einn eða annan hátt. Þau eru:

Fjármagnsstuðningur, það er hversu mikið fjármagn er í boði fyrir ný og vaxandi fyrirtæki hvort sem það er í formi styrkja, eigin fjár eða lána.

Stefna hins opinbera, segir til um hvort reglur og stefna hins opinbera séu hlutlausar gagnvart stærð fyrirtækja, sem endurspeglast t.d. í skattalögum og reglugerðum og hvernig þeim er framfylgt.

¹ Global Competitiveness Report og the World Competitiveness Yearbook mæla styrk þessara grunnforsenda um víða veröld, GEM hefur notið göðs af mælingum þeirra.

Verkefni á vegum hins opinbera, hvort til séu verkefni til að aðstoða ný og vaxandi fyrirtæki.

Menntun og þjálfun, um umfang þjálfunar í að stofna og reka lítil, ný og vaxandi fyrirtæki á öllum stigum menntakerfisins auk gæða, mikilvægis og dýptar menntunarinnar og þjálfunarinnar.

Útbreiðsla rannsókna og þróunar (R&P).² Að hversu miklu leyti R&P í landinu skapa tækifæri til stofnunar fyrirtækja.

Grunnstoðir viðskiptalífsins, áhrif stofnana eins og rekstrar-, endurskoðunar- og lögræðiþjónustufyrirtækja, sem hvetja til og stuðla að stofnun fyrirtækja.

Aðgangur og aðgangshindranir að markaði: Að hversu miklu leyti er komið í veg fyrir eðlilega breytingu á viðskiptaháttum og þar með útiloka ný og vaxandi fyrirtæki frá því að keppa á markaði og koma í stað þeirrar starfsemi sem fyrir er.

Aðgangur að aðstöðu, hversu auðvelt er að nálgast alla aðstöðu, samskiptatækni, samgöngur og flutninga, lóðir og fleira á því verði sem mismunar ekki á kostnað nýrra, lítilla eða vaxandi fyrirtækja.

Menningar- og samfélagslegar venjur, að hve miklu leyti viðteknar samfélagslegar og menningarlegar venjur hvetja eða letja einstaklingsframtak sem getur leitt til nýrra leiða til að stunda viðskipti.

Öll ofangreind skilyrði hafa á einn eða annan hátt áhrif á þau tækifæri sem einstaklingar hafa til að stofna fyrirtæki. Segja má að aðgengi að markaði, fjármagni og allri aðstöðu og hvort hið opinbera standi á einhvern hátt í vegi fyrir stofnun fyrirtækja hafi þeim áhrif á tækifærin. Þjóðhagslegar aðstæður skipta miklu fyrir grunnskilyrðin. Menntun og þjálfun, menningarleg viðhorf og stefna hins opinbera o.s.frv., hafa áhrif á hæfni einstaklinganna og hvata til að fara út í frumkvöðlastarfsemi og eru dæmi um óbein áhrif á tækifæri einstaklinga til að verða frumkvöðlar. Hversu margir hafa hæfileikana og eygja viðskiptatækifærin hefur áhrif á stofnun og viðgang nýrra fyrirtækja.³ Stofnun og viðgangur nýrra fyrirtækja hefur mikilvæg áhrif á atvinnusköpun og nýsköpun almennt sem síðan endurspeglast í hagsæld landsins á beinan eða óbeinan hátt.

Jafnvel þó svo að GEM einbeiti sér að frumkvöðlahlutanum ber að varast að taka hlutina úr samhengi, rásirnar tvær eru samverkandi. Eins og áður sagði eru stóru fyrirtækin oft á tíðum uppspretta tækifæra fyrir stofnun fyrirtækja. Ný frumkvöðlafyrirtæki leiða gjarnan nýsköpun og frumleika og eru gjarnan helstu aðfangaveitur stóru fyrirtækjanna. Með nýsköpun sinni gera þau gera stóru fyrirtækjunum kleift að sérhæfa sig enn frekar og halda þannig kostnaði í lágmarki og gæðum í hámarki. Stærri fyrirtæki geta einbeitt sér enn frekar að kjarnastarfsemi sinni með því að bjóða út önnur verk. Litlu fyrirtækin hjálpa þannig stóru fyrirtækjunum á alþjóðamarkaði að halda forskoti í samkeppninni. Þetta þekkjum við úr sjávarútveginum á Íslandi. Sum þessara nýju fyrirtækja eru stofnuð með fjármagni stóru fyrirtækjanna.

Eitt af markmiðum GEM-ránsóknarinnar er að skoða samband frumkvöðlastarfsemi og hagvaxtar. Það krefst gagna sem undanfarin fjögur ár hefur verið aflað í GEM-

² R&P er skammstöfun sem er notuð fyrir Rannsóknar- og þróunarstarf. Héðan í frá verður R&P notað án frekari útskýringa.

³ Á ensku nefnist stofnun og viðgangur nýrra fyrirtækja „business churning“.


samstarfsverkefninu. Enn sem komið er er erfitt að segja til um hið margslungna samband frumkvöðlastarfsemi og hagvaxtar annað en að marktæk, jákvæð fylgni er á milli frumkvöðlastarfsemi eins og GEM mælir hana og hagvaxtar með tveggja ára töl. Unnið er að því að útskýra með hvaða hætti frumkvöðlastarfsemi hefur áhrif á hagvöxt en ljóst er að afla verður stærri gagnasafna en þó fyrst og fremst yfir lengra tímabil áður en hægt verður að álykta um áhrifin. Þau gögn sem þegar hefur verið aflað gefa okkur hins vegar mikilvægar upplýsingar um umfang og eðli frumkvöðlastarfsemi og aðstæður til frumkvöðlastarfsemi í dag í samanburði við önnur lönd.

2.3 Stofnun og viðgangur nýrra fyrirtækja⁴

Til að reyna að átta sig á umfangi og eðli frumkvöðlastarfsemi er mikilvægt að átta sig á mismunandi stigum frumkvöðlastarfseminnar sem hægt er að skipta upp í fjóra mismunandi flokka eins og sýnt er á mynd 2.2.

Aðeins hluti af öllum íbúum jarðarinnar telur sig hafa það til brunns að bera að geta orðið

Mynd 2.2 Stofnun og viðgangur nýrra fyrirtækja



frumkvöðlar og aðeins hluti af þeim verða frumkvöðlar þótt þeir hafi hæfileikana, síðan er aðeins brot af þeim að vinna að því að reyna að stofna fyrirtæki sem flokkast sem frumkvöðlafyrirtæki á meðgöngustigi. Ef tilraunin tekst þá er frumkvöðullinn eigandi ungs/nýs fyrirtækis. Í GEM-verkefninu er gerður greinarmunur á nýjum fyrirtækjum sem eru yngri en 42 mánaða og fyrirtækjum sem hefur verið komið á fót og eru eldri en 42 mánaða. Þessi greinarmunur er nauðsynlegur við ákvörðun á frumkvöðlastarfsemi þar sem GEM verkefnið beinir augum sínum að stofnun og viðgangi fyrirtækja. Heildarfrumkvöðlastarfsemi í hverju landi er fjöldi þeirra sem eru að undirbúa rekstur og þeirra sem hafa nýlega stofnað fyrirtæki eins og fram kemur á mynd 2.2. Sum þessara fyrirtækja eru hávaxtar- og nýsköpunarfyrirtæki en þorri þeirra byggir á eldri hugmyndum og verða ekki stór í sniðum en geta gegnt mikilvægu hlutverki í atvinnusköpun. Flokkarnir fjórir tengjast innbyrðis. Fjöldi nýrra fyrirtækja er háður fjölda þeirra sem hafa hæfni og vilja til þess að stofna ný fyrirtæki. Hversu mörg fyrirtæki eru stofnuð, hveð gerðar þau eru, ásamt vexti þeirra og viðgangi er auk þess mjög háð umhverfi frumkvöðlastarfseminnar. Á þessa þætti verður litið hvern fyrir sig í kafla 3.4.

⁴ Líkanið byggir að stórum hluta á líkani sem Niels Bosma og Sander Wennekers settu fram í landskýrslu sinni; Entrepreneurship Under Pressure, Global Entrepreneurship Monitor 2002 The Netherlands.

2.4 Hvernig er gagnanna aflað

Gagna var aflað á fjóra vegu fyrir GEM 2003:

1. *Í hverju landi var framkvæmd símakönnun meðal 2000 einstaklinga á aldrinum 18-64 ára.* Könnunin skiptist í tvennt. Annars vegar voru viðmælendurnir spurðir hvort þeir kæmu að einhverjum hætti að frumkvöðlastarfsemi, eins og t.d. hvort þeir hefðu stofnað eða rekið fyrirtæki eða fjárfest í rekstri annarra einstaklinga. Hins vegar voru viðmælendur spurðir um skoðanir, hæfni og almennt andrúmsloft til frumkvöðlastarfsemi. Gallup annaðist viðhorfskönnunina á Íslandi.

2. Ítarviðtöl voru tekin við sérfræðinga um frumkvöðlastarfsemi í hverju landi. Sérfræðingarnir voru valdir með sérþekkingu þeirra á sviðum sem tengjast grunnskilyrðunum níu í huga. Grunnskilyrðin eru:

- Fjármagnsstuðningur
- Stefna hins opinbera
- Verkefni hins opinbera
- Menntun og þjálfun
- Útbreiðsla R&D
- Grunnstoðir viðskiptalífsins
- Aðgangur og aðgangshindranir að markaði
- Aðgangur að allri aðstöðu
- Menningar- og samfélagslegar venjur

Tekin voru viðtöl við 19 sérfræðinga árið 2003 og reynt eftir fremsta megni að finna viðmælendur sem væru sérfræðingar á þessum sviðum. Um fjórðungur allra viðmælenda tilheyrir einnig flokki frumkvöðla. Ákveðið var að fara að fordæmi nokkurra landa, meðal annars Íra, og gæta trúnaðar í viðtölunum. Þannig gætu viðmælendur verið opinskárrí í umræðunni um umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi. Viðtölin voru opin, spurt var um hverjir sérfræðingunum þættu veigamestu veikleikar landsins með tilliti til þróunar á frumkvöðlastarfsemi á Íslandi og mikilvægustu styrkleikar landsins til frumkvöðlastarfsemi og þeir voru beðnir um að raða þeim upp í röð eftir mikilvægi. Þá voru þeir beðnir um að segja frá skoðunum sínum á því hvaða aðgerðum mætti beita til að hvetja til áframhaldandi þróunar á frumkvöðlastarfsemi á Íslandi. Ef tími vannst voru skilyrðin níu sem hér að ofan eru nefnd reifuð.

3. *Staðlaður spurningalisti var lagður fyrir sérfræðingana.* Þessi ítarlegri spurningalisti skiptist í spurningar um skoðanir þeirra á umhverfisþáttunum níu á Íslandi og hins vegar nokkrar almennar spurningar, þær sömu og lagðar voru fyrir þá sem tóku þátt í símakönnuninni. Spurningarlistinn var einnig sendur til sérfræðinganna frá árinu 2002.

4. *Staðlaðra gagna var aflað frá alþjóðlegum stofnunum um öll löndin sem eru þátttakendur í GEM.* Samhæfingarhópurinn í London hafði veg og vanda af gagnaöflun á stöðluðum gögnum sem einkenna þjóðirnar sem taka þátt, meðal annars frá Sameinuðu þjóðunum, WTO, IMD og frá Global Competitiveness Report svo fátt eitt sé nefnt.

2.5 Samantekt

Meginmarkmið GEM-rannsóknarinnar er að rannsaka umfang og eðli frumkvöðlastarfsemi á milli landa og hvort frumkvöðlastarfsemi hafi áhrif á velsæld þjóða og þar með hagvöxt. Þróuð hefur verið aðferðafræði við öflun þessara gagna sem gefur okkur vísbendingar um hvernig frumkvöðlastarfsemi er háttað um heim allan og mun í framtíðinni vonandi gera okkur betur kleift að skilja áhrif frumkvöðlastarfsemi á hagvöxt. Þessari skýrslu er fyrst og fremst ætlað að kafa ofan í umfang og umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi í samanburði við önnur lönd en ekki rekja hugsanleg áhrif á hagvöxt. Sú greining verður að bíða betri tíma.

3 Frumkvöðlastarfsemi á Íslandi

3.1 Inngangur

Í þeim 40 löndum sem sem GEM nær til búa yfir þrjú fimmtu hlutar mannkyns. Telst GEM-rannsókninni til að 12% eða 297 milljónir manna á aldrinum 18-64 ára séu að reyna að koma 192 milljónum fyrirtækja í gegnum fyrstu þrjú ár starfseminnar á því svæði sem GEM löndin ná til samkvæmt alþjóðlegu GEM rannsókninni. Frumkvöðlastarfsemi er því umfangsmeiri en talið var í upphafi þegar GEM-rannsókninni var hrint af stað.

Í kafla 3.2 er sagt frá því hvernig GEM mælir frumkvöðlastarfsemi á sambærilegan hátt um heim allan en í kafla 3.3 er fjallað um heildarfrumkvöðlastarfsemi á Íslandi í alþjóðlegum samanburði. Í kafla 3.4 er fjallað um frumkvöðlastarfsemi á mismunandi stigum, svo sem fyrirtæki á meðgöngustigi og nýstofnuð fyrirtæki. Kafli 3.5 fjallar um aðkomu einstaklinga að frumkvöðlastarfsemi með óbeinum hætti í gegnum fjárfestingar í frumkvöðlarekstri annarra.

3.2 Hvernig mælir GEM frumkvöðlastarfsemi?

GEM skilgreinir frumkvöðlastarfsemi sem þá starfsemi sem hefur þann tilgang að skapa, stofna og reka nýtt fyrirtæki, þar á meðal sjálfstæðan rekstur. Það sem skiptir máli hérna er stofnun „viðskiptaeiningar“ og sjálfstæður rekstur er meðtalin þar sem hann krefst viðskiptalegs frumkvæðis. Til að mæla frumkvöðlastarfsemi samkvæmt þessari skilgreiningu hefur GEM þróað staðlaðan spurningarlista sem gerir samanburð milli landa mögulegan.

GEM mælir fjórar hliðar á frumkvöðlastarfsemi eins og lýst var í kafla 2.3, þá sem telja sig búa yfir hæfni til að hefja rekstur, fjölda fyrirtækja á meðgöngutímabilinu sem hafa ekki ennþá verið stofnuð, fjölda nýrra fyrirtækja og fjölda frumkvöðlafyrirtækja alls, þ.e. bæði fyrirtæki í undirbúningi og ný fyrirtæki. Eldri fyrirtækjum eru ekki gerð skil í þessari rannsókn. Önnur hlið er á aðkomu einstaklinga í hverju landi að frumkvöðlastarfsemi án þess að vera sjálfir frumkvöðlar en það er í gegnum óformlegar fjárfestingar, svokallaðar einkafjárfestingar, í frumkvöðlarekstri annarra.

- Fjöldi þeirra sem eru efni í frumkvöðla
- Tíðni fyrirtækja á meðgöngutíma
- Fjöldi nýrra fyrirtækja
- Fjöldi frumkvöðlafyrirtækja (TEA)
- Tíðni einkafjárfesta

Þessar upplýsingar voru fengnar með því að hringja í 2.000 manna úrtak einstaklinga á aldrinum 18-64 ára.

3.2.1 Fjöldi þeirra sem eru efni í frumkvöðla⁵

Fjöldi þeirra sem eru efni í frumkvöðla er hlutfall þeirra sem telja sig hafa kunnáttu og hæfileika til að stofna fyrirtæki. Til þess að vera flokkaður sem efni í frumkvöðul urðu viðmælendur í símakönnuninni að svara því játandi að þeir teldu sig hafa þá þekkingu, kunnáttu og reynslu sem þarf til að stofna nýtt fyrirtæki.

3.2.2 Tíðni fyrirtækja á meðgöngutíma⁶

Tíðni fyrirtækja á meðgöngutíma er mæld sem fjöldi einstaklinga sem reyna að koma fyrirtæki á laggirnar. Til að falla undir þessa skilgreiningu þurftu svarendur að uppfylla öll eftirtalin atriði:

- Viðmælandinn var á þeim tíma sem viðtalið fór fram að reyna, einn eða með öðrum, að hefja nýjan rekstur
- Á síðastliðnum 12 mánuðum frá því spurt var hafði viðmælandinn gert eitthvað til að hjálpa til við að koma upp nýju fyrirtæki, svo sem leitað að tækjabúnaði eða staðsetningu fyrir fyrirtæki, skipulagt vinnuhóp til að sjá um að setja fyrirtæki á laggirnar, unnið að viðskiptaáætlun, byrjað að leggja fyrir peninga eða gert eitthvað annað sem miðaði að því að stofna fyrirtæki
- Viðmælandinn myndi persónulega eiga allt nýja fyrirtækið eða hluta þess
- Fyrirtækið hefði *ekki* greitt laun í lengri tíma en þrjá mánuði

3.2.3 Fjöldi nýrra fyrirtækja⁷

Til þess að falla undir skilgreininguna „nýr frumkvöðull“ varð viðmælandinn að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Viðmælandinn var á þeim tíma að stjórna nýju fyrirtæki
- Viðmælandinn átti fyrirtækið að hluta eða allt
- Fyrirtækið var sett á laggirnar árið 2000 eða seinna (fyrirtækið var í mesta lagi 42 mánaða í júní 2003)
- Fyrirtækið hafði greitt laun í meira en þrjá mánuði

3.2.4 Tíðni heildarfrumkvöðlastarfsemi, TEA-vísitalan⁸

TEA-vísitalan er fundin með því að leggja saman fjölda fyrirtækja á meðgöngustigi og fjölda nýrra fyrirtækja á hverja hundrað einstaklinga á aldrinum 18-64 ára. Hins vegar voru þeir sem svöruðu hvoru tveggja að þeir væru að hefja undirbúning að rekstri og væru að stjórna nýju fyrirtæki aðeins taldir einu sinni.

3.2.5 Tíðni einkafjárfesta⁹

Til þess að vera skilgreindur sem einkafjárfestir varð viðmælandinn að hafa persónulega sett fjármuni í rekstur nýs fyrirtækis á síðustu þremur árum sem einhver annar hafði stofnað til. Þá er ekki átt við verðbréfasjóði eða kaup á hvers kyns hlutabréfum.

⁵ e. Potential entrepreneurs

⁶ e. Level of start-up activity – nascent entrepreneurs

⁷ e. New business prevalence rate - new entrepreneurs

⁸ e. Total Entrepreneurship Activity index, TEA


⁹ e. Informal investment prevalence rate

3.3 Ísland í alþjóðlegum samanburði

3.3.1 Heildarfrumkvöðlastarfsemi

Á mynd 3.1 sést umfang frumkvöðlastarfsemi eða hin svo kallaða TEA-vísitala eftir löndum. TEA-vísitalan mælir fjölda fullorðinna einstaklinga á aldrinum 18-64 af hverjum 100 sem undirbúa stofnun nýs fyrirtækis eða hafa stofnað fyrirtæki á síðustu 42 mánuðum. Á Íslandi eru 11,2% þessa aldurshóps í frumkvöðlastarfsemi eða einn af hverjum níu og er Ísland því hæst Evrópulandanna. Lóðréttu stikurnar á mynd 3.1 sýna 95% öryggisbil sem stundum kallast skekkjumörk og ákvarða nákvæmni matsins. Þau lönd þar sem mörkin skarast er ekki hægt að segja að hafi tölfræðilega marktækan mismun. Ísland er því á svipuðu róli og Bandaríkin og Ástralía. Írland var í sama hópi í síðustu mælingu en frumkvöðlastarfsemi þar hefur farið minnkandi milli ára en stendur í stað á Íslandi. Frumkvöðlastarfsemi hefur dregist saman í Danmörku og Noregi en heldur aukist í Finnlandi. Noregur er engu að síður næst okkur af hinum Norðurlöndunum með um 7,5%.


Mynd 3.1 Heildarfrumkvöðlastarfsemi eftir löndum



3.3.2 Tækifæri eða ill nauðsyn?

Það vekur athygli að mörg landanna sem mælast með mesta frumkvöðlastarfsemi eru þróunarlönd. En mismunandi lönd búa við mismunandi aðstæður, GEM rannsóknin beinir því sjónum sínum að því hvort einstaklingar eru að stofna fyrirtæki af illri nauðsyn, þeir geti ekki séð sér farborða á annan hátt, eða hvort einstaklingar eru að grípa tækifæri á markaðnum til þess að hefja rekstur. Frumkvöðlastarfsemin er mæld með tilliti til beggja ástæðnanna. Í heild eru mun fleiri sem eru að stofna fyrirtæki til að nýta tækifæri eða þrír af hverjum fimm. Örfáir stunda frumkvöðlastarfsemi af illri nauðsyn í þróaðri ríkjunum og Ísland er þar engin undantekning. Innan við 1% Íslendinga á aldrinum 18-64 ára hefur stofnað fyrirtæki vegna þess að ekkert annað stendur til boða. Af þessum ástæðum er eðlilegra að bera Ísland saman við þau lönd þar sem frumkvöðlastarfsemi byggir á nýtingu tækifæra frekar en illri nauðsyn.

Mynd 3.2 Heildarfrumkvöðlastarfsemi - Tækifæri eða nauðsyn?



3.4 Stofnun og viðgangur nýrra fyrirtækja


Í þessum kafla er fjallað um þá sem hafa hæfileikana, þá sem eru að hefja undirbúning og þá sem eru eigendur nýrra fyrirtækja.

3.4.1 Frumkvöðlaefni

Tæplega helmingur Íslendinga á aldrinum 18-64 ára telur sig hafa þá þekkingu, kunnáttu og reynslu sem þarf til að stofna fyrirtæki. Niðurstöðurnar eru þær sömu og í fyrra, tiltrú Íslendinga á hæfni sína hefur því ekkert breyst. Þetta hlutfall mælir hvað einstaklingar telja sig geta gert og lýsir þess vegna menningu og viðhorfum Íslendinga miðað við aðrar þjóðir. Í Bandaríkjunum eru tæplega 55% á þessari skoðun en aðeins um 12% Japana. Bretar hafa svipaða tiltrú á sjálfum sér og við Íslendingar en frændur okkar á hinum Norðurlöndunum nokkuð minni. Ekki stofna allir fyrirtæki sem telja sig hafa hæfileikana til þess og geta margar ástæður legið þar að baki

Mynd 3.3 Fjöldi þeirra sem telja sig hæfa til frumkvöðlastarfsemi

Fjöldi einstaklinga af hverjum 100, 18-64 ára




3.4.2 Fyrirtæki á meðgöngustigi

Fjöldi þeirra sem eru að undirbúa stofnun fyrirtækis, t.d. með því að leita að staðsetningu, vinna að viðskiptaáætlun og fleiru, er 7,3% eða einn af hverjum 13. Þetta eru marktækt fleiri en voru að undirbúa stofnun fyrirtækis árið 2002 en þá voru þeir um 5,6%. Meðaltal allra GEM landanna er 5,2% en meðaltal hinna Norðurlandanna er 3,3%.

Mynd 3.4 Fyrirtæki á meðgöngustiginu

Fjöldi einstaklinga af hverjum 100, 18-64 ára




3.4.3 Fjöldi nýrra fyrirtækja

Fjöldi þeirra Íslendinga á aldrinum 18-64 ára sem hafa nýlega stofnað fyrirtæki, þ.e. fyrirtækið er yngri en 42 mánaða í júní 2003 hefur hins vegar minnkað frá fyrra ári og er sá munur marktækur. Í júní 2003 höfðu 4,4% nýlega stofnað fyrirtæki á móti 6,2% árið á undan. Við höfum því nálgast meðaltal allra GEM landanna sem er 4,1%.

Í fyrra lék grunur á að fjöldi nýrra fyrirtækja væri hár vegna þess að margir sem áður höfðu stundað verktakastarfsemi á eigin kennitölu hefðu stofnað einkahlutafélag til þess að njóta lækkunar á tekjuskatti fyrirtækja. Ekki var það talið líklegt þar sem spurningarlistinn var lagður fyrir í maí og skattabreytingarnar tóku gildi um áramótin. Þeir sem falla undir skilgreiningu á nýju fyrirtæki verða að hafa greitt laun í lengri tíma en 3 mánuði. Nú gætu sumir haldið að lækkunin í ár væri vísbending um að í raun hafi skattabreytingarnar haft þessi áhrif en þar sem fólk á að hafa stofnað fyrirtækið á síðastliðnum þremur og hálfu ári ættu þeir sem stofnuðu einkahlutafélag i kjölfar skattbreytinganna einnig að vera með í þessari mælingu. Ekki verður því hægt að greina áhrifin að fullu fyrr en að þessum tíma loknum.

Mynd 3.5 Fjöldi nýrra fyrirtækja

Fjöldi einstaklinga af hverjum 100, 18-64 ára




3.5 Áhættufjármagn til frumkvöðlastarfsemi¹⁰

GEM-rannsóknin hefur jafnframt því að mæla frumkvöðlastarfsemi beint sjónum sínum að áhættufjármagni til frumkvöðlastarfsemi, það er fjármagni í formi hlutfjár eða áhættulána þar sem ekki er krafist veða eða ábyrgða. Getur bæði verið um fjármögnun frá fyrirtækjum (framtaksfjárfestum) eða einstaklingum (einkafjárfestum) að ræða. Hingað til hefur ekki verið mikið vitað um umfang einkafjárfestinga. Forsvarsmönnum GEM-rannsóknarinnar var því sérstök forvitni á að vita hversu mikið einstaklingar væru að fjárfesta í frumkvöðlastarfsemi annarra. Var því ákveðið að bæta við lið í spurningalista símakönnununarinnar um hvort viðmælandinn hefði lagt fé til rekstrar einhvers annars en sín eigin en þá var ekki átt við verðbréfasjóði eða kaup á hvers kyns hlutabréfum. Þeir einstaklingar sem höfðu gert það voru skilgreindir sem einkafjárfestar og voru spurðir hversu mikið fé þeir hefðu lagt út og hver tengslin væru við þá sem þeir greiddu féð, hvort um væri að ræða fjölskyldumeðlimi, vini, viðskiptafélaga eða önnur persónuleg tengsl.

Á mynd 3.6 gefur að líta framtaksfjárfestingar og einkafjárfestingar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.¹¹ Lang stærsti hluti fjármagnsins kemur frá einkafjárfestum. Til að átta sig betur á samanburðinum við önnur lönd er áhugavert að skoða hlutfall framtaksfjárfestinga og einkafjárfestinga annars vegar og hins vegar fjölda þeirra sem hafa persónulega lagt út fé til nýs fyrirtækis annars en þeirra eigin, þ.e. fjölda einkafjárfesta af hverjum 100 einstaklingum á aldrinum 18-64 ára.

Mynd 3.6 Framtaksfjárfestingar og einkafjárfestingar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu



Eins og sjá má á mynd 3.7. þá er fjármagn frá framtaksfjárfestum aðeins einn sautjándi hluti einkafjárfestinga. Á síðasta ári var hlutfall framtaksfjárfestinga einn tíundi hluti þess fjármagns sem kemur frá einkafjárfestum. Þessi niðurstaða kemur ekki á óvart þegar athugað er hversu margir af hverjum hundrað hafa veitt fé til nýrra fyrirtækja annarra en þeirra eigin á síðustu þremur árum en þeir voru 7,3%¹² árið 2003 sem er mjög svipað hlutfall og árið 2002. Einnig er áhugavert að skoða hversu háar meðalupphæðir hvert fyrirtæki er að fá frá framtaksfjárfestum. Ísland er næst lægst með um 2 milljónir kr.,


¹⁰ Bill Bygrave hefur unnið að úttekt á framtaks- og einkafjárfestingu fyrir hönd GEM-verkefnisins. Þessi kafli byggir á niðurstöðum og skrifum hans þar um.

¹¹ Gögnin um framtaksfjármagn fyrir Evrópu fengust frá EVCA (Samband evrópskra fjárfesta). Gögnin náðu til ársins 2002.


¹² Eftir að einstaklingarnir höfðu svarað því játandi að hafa lagt fé í rekstur annarra, voru þeir spurðir hversu háar upphæðir. Nokkrir sögðust þá ekki hafa lagt fram neina peninga, ef þessir einstaklingar eru ekki teknir með þá er hlutfall einkafjárfesta af hverjum 100 á aldrinum 18-64 ára 6,5%. Erfitt er að átta sig á því af hverju þessir einstaklingar svöruðu fyrri spurningunni játandi en ef til vill hafa þeir lagt fram veð fyrir láni eða eitthvað því um líkt án þess að hafa lagt fram beinharda peninga.

aðeins Suður-Afríka veitir lægri upphæðum í hvert fyrirtæki meðan Bandaríkin veita um 8,5 milljónum US\$ að meðaltali í hvert fyrirtæki. Einkafjárfestarnir á Íslandi lögðu að meðaltali um 780 þúsund kr./ári á síðastliðnum 3 árum í hvert fyrirtæki en þær upphæðir spanna frá 3 þúsund kr./ári til rúmlega 11 milljón kr./ári.

Mynd 3.7 Hlutfall framtaksfjárfestinga og einkafjárfestinga



Mynd 3.8 Tíðni einkafjárfesta



3.6 Samantekt

Heildarumfang frumkvöðlastarfsemi á Íslandi hefur ekki breyst mikið frá síðasta ári en um 11,2% Íslendinga á aldrinum 18-64 ára flokkast sem frumkvöðlar samkvæmt forsendum þessarar rannsóknar. Það er með því hæsta sem gerist í Evrópu og sambærilegt við Bandaríkin. Langstærsti hlutinn er að nýta viðskiptatækifæri en aðeins örfáir að stofna fyrirtæki því að ekkert skárra stendur til boða.

Áhugavert er að fjöldi þeirra sem voru að undirbúa stofnun fyrirtækis vorið 2003 er marktækt meiri en þeirra sem voru í sömu sporum árið á undan eða 7,3% miðað við 5,6% árið 2002. Marktækt færri voru hins vegar búnir að stofna fyrirtæki á síðustu 42 mánuðum árið 2003 en árið 2002 eða 4,4% í stað 6,2%. Í báðum tilvikum er Ísland hæst allra Evrópulandanna. Það getur hugsast að meiri hugur sé í Íslendingum í ár eða að fleiri séu ennþá fastir í undirbúningsfasanum vegna þess að ekki gengur eins vel að koma fyrirtækinu af stað. Það er erfitt að segja hver raunveruleg skýring á þessari aukningu er.

Helstu niðurstöður GEM rannsóknarinnar varðandi áhættufjárfestingar eru að um 7% allra Íslendinga á aldrinum 18-64 ára eru að leggja fé í rekstur annarra og eru því skilgreindir sem einkafjárfestar. Á Íslandi er hlutfall fjárfestinga frá framtaksfjárfestinum aðeins einn sautjándi hluti þess fjármagns sem kemur frá einkafjárfestum.

Í næsta kafla er litið nánar á niðurstöðurnar sem fengust úr símakönnuninni og athugað hverjir það eru sem eru að stofna fyrirtæki og hvers frumkvöðlarnir vænta af fyrirtækjunum.

4 Hvað einkennir íslenska frumkvöðlastarfsemi?

4.1 Inngangur

Einn tilgangur GEM rannsóknarinnar er að átta sig á því hverjir það eru sem eru frumkvöðlar og hvers konar fyrirtæki þeir eru að stofna. Taka allir þjóðfélagshópar jafn virkan þátt í frumkvöðlastarfsemi? Eru fyrirtækin nýskapandi og áráðin eða er um að ræða lifibrauð í hefðbundnum atvinnugreinum? Í kafla 4.2 er ætlunin að athuga hvort frumkvöðlastarfsemi sé mismunandi eftir kyni, aldri, tekjum og menntun en í kafla 4.3 er sagt frá því hvaða atvinnugreinum hin nýju fyrirtæki tilheyra. Í kafla 4.4 verður fjallað um væntingar frumkvöðla til fyrirtækjanna hvað varðar vöxt, nýsköpun og útrás.

Niðurstöðurnar um aldur, kyn, menntun og tekjur frumkvöðlanna, svo nokkrar breytur séu upp taldar, eru í samræmi við niðurstöður ársins 2002 sem segir okkur að litlar sveiflur eru á milli ára og styrkir okkur í þeirri trú á mark sé takandi á mælingunum. Hafa verður í huga þegar þessi kafli er lesinn að aðeins rúmlega 200 manns af þeim 2000 sem lentu í úrtakinu eru í raun og veru frumkvöðlar samkvæmt aðferðarfræði GEM rannsóknarinnar. Þær litlu breytingar sem verða á milli ára er því varahugavert að túlka um of. Nærri lagi er að vigta saman gögn nokkurra ára að þeim liðnum og fá þannig góða mynd af því hvað einkennir íslenska frumkvöðla.

4.2 Hverjir eru frumkvöðlar?

4.2.1 Aldur og kyn


Tveir þriðju hlutar þeirra sem eru að undirbúa stofnun eða hafa stofnað fyrirtæki sem er yngra en 42 mánaða eru karlar en einn þriðji konur. Þetta er svipað hlutfall og meðaltal allra GEM-landanna. Heldur fleiri konur eru þó frumkvöðlar í þróunarríkjunum en í þeim þróuðu. Á Íslandi er hlutfall kvenna í heildarfrumkvöðlastarfsemi (TEA) 7,6% en 14,9% hjá körlum sem er eins og í fyrra. Segja má því að karlmenn séu tvöfalt líklegri til að stofna fyrirtæki en konur. Munur á milli kynjanna er engu að síður minni hér en nokkurs staðar á hinum Norðurlöndunum. Hlutfall karla og kvenna er 1,92 á Íslandi en meðaltal hinna Norðurlandanna er 2,3.¹³ Ef til vill má rekja þennan mun til þeirra átaksverkefna sem hafa verið framkvæmd á Íslandi til að efla þátttöku kvenna, má þar nefna verkefnið Auður í krafti kvenna sem var 3 ára átaksverkefni og Brautargengi sem IMPRA heldur. Engu að síður er ennþá mikill munur á milli karla og kvenna hvað varðar þátttöku í frumkvöðlastarfsemi.

Dreifing frumkvöðla eftir aldri er svipuð því sem hún var í fyrra og svipuð því sem hún er í hinum GEM-löndunum að því frátöldu að íslenskir frumkvöðlar eru aðeins eldri. Mikill fjöldi þeirra sem stunda frumkvöðlastarfsemi af illri nauðsyn í öllum heiminum eru ungir karlmenn í þróunarríkjunum og skekkir það því samanburðinn við Ísland. Ástæða þess að svo fáir eru í fyrsta aldursflokki 18-24 á Íslandi er að margir eru enn í skóla. Konur eru eldri þegar þær stofna fyrirtæki en karlar en ungum konum og eldri karlmönnum er þó að

¹³ Þessar tölur eru fengnar með því að nota gögnin í ár og gögn síðustu ára, þannig fæst meiri fjöldi og marktæknin verður meiri.


fjölga miðað við niðurstöður könnunarinnar árið 2002. Karlar á aldrinum 45-54 ára eru líklegastir til að stunda frumkvöðlastarfsemi árið 2003.

Mynd 4.1 Heildarfrumkvöðlastarfsemi eftir kyni og aldri



4.2.2 Menntun

Mynd 4.2 Menntunarstig



Áhugavert er að líta á menntunarstig þeirra sem stunda frumkvöðlastarfsemi því líkur eru á því að fyrirtæki þar sem stofnendur hafa meiri menntun séu á sviðum sem eru meira nýskapandi þó vissulega séu til undantekningar. Þá hafa niðurstöður alþjóðarannsóknarinnar sýnt að TEA-frumkvöðlum sem stofna fyrirtæki til að nýta viðskiptatækifæri fjölga eftir því sem menntunin er meiri. Hæst hlutfall þeirra sem hafa lokið háskólagráðu eru skilgreindir sem TEA-frumkvöðlar. Hefur fjöldi háskólamenntaðra TEA-frumkvöðla því minnkað úr 14,1% frá því í fyrri rannsókn, körlunum hefur fækkað úr 19,5% í 15% en konum úr 9% í 8,3%. Ef litið er á hvaðan þeir einstaklingar koma sem mynda TEA-vísitöluna árið 2003 eru 33,5% með menntun á framhaldsskólastigi, 42,9% höfðu lokið framhaldsskólaprófi en um það bil 23,6% voru með háskólamenntun. Skiptingin hefur ekki breyst mikið þó svo að þeir karlmenn sem hafa lokið háskólaprófi séu síður í frumkvöðlastarfsemi.

4.2.3 Tekjuhópar

Tekjur hafa einnig áhrif á frumkvöðlastarfsemi samkvæmt alþjóðlegu skýrslunni. Þetta á sérstaklega við þegar fyrirtæki eru stofnuð í þeim tilgangi að grípa viðskiptatækifæri en síður þegar verið er að stofna fyrirtæki af illri nauðsyn. Svarendur voru flokkaðir þrjá hlutfallslega tekjuflokka. Þegar öll löndin eru tekin saman kom í ljós að þeir sem eru í tekjuhæsta þriðjungnum eru langlíklegastir til að stunda frumkvöðlastarfsemi byggða á viðskiptatækifæri. Á Íslandi eru um 16,8% þeirra sem eru í tekjuhæsta þriðjungnum TEA-frumkvöðlar, 11,4% þeirra sem eru í miðjunni en aðeins 7,2% þeirra sem eru í lægsta þriðjungnum. Ef skipting þeirra sem eru TEA frumkvöðlar eru skoðuð kemur í ljós að tæp 12% eru í lægsta þriðjungnum, flestir eru í miðju þriðjungnum eða 56,8% en um 31,3% í hæsta þriðjungnum. Heldur hefur færst í vöxt einstaklingar með milliháar tekjur séu að stofna fyrirtæki á kostnað þeirra sem eru með hæstu tekjurnar.

Tafla 4.1 Heildarfrumkvöðlastarfsemi eftir tekjuflokkum

Fjöldi einstaklinga af hverjum 100, 18-64 ára

	Hlutfall frumkvöðla í hverjum flokki	Heildarfrumkvöðlastarfsemi
Lægsti þriðjungurinn	7,2%	11,9%
Miðju þriðjungurinn	11,4%	56,8%
Hæsti þriðjungurinn	16,8%	31,3%
		100,0%

4.3 Hvernig fyrirtæki er um að ræða?

Mjög áhugavert er að skoða í hvaða atvinnugreinum frumkvöðlastarfsemi á sér stað. Fyrirtækin voru flokkuð í 10 flokka atvinnugreina sem byggir á alþjóðlegum staðli Sameinuðu þjóðanna. Það er í sjálfu sér áhugavert að skoða um hvers konar fyrirtæki er að ræða en það er ekki síður áhugavert að skoða samsetninguna í samanburði frá árinu áður og eftir því hvort fyrirtækin er ennþá í undirbúningi eða hafa þegar verið stofnuð.

Tafla 4.2 Frumkvöðlastarfsemi eftir atvinnugreinum

	Heildar- frumkvöðla- starfsemi á Íslandi	Fyrirtæki á meðgöngu- stiginu	Ný fyrirtæki
Landbúnaður, dýraveiðar, fiskveiðar og skógrækt	14	7	18
Byggingariðnaður og námugróftur	12	10	15
Iðnaður	8	3	8
Samgöngur, flutningsþjónusta, síma- og fjarskiptapjónusta	8	10	7
Heildsala, smásala og viðgerðarþjónusta á vélum	11	16	9
Smásala, hótél, veitingastaðir	20	20	16
Fjármálarekstur, tryggingarekstur, fasteignarekstur	3	2	3
Önnur viðskipti og sérhæfð þjónusta	12	17	14
Heilbrigðis- og félagsþjónusta, fræðslustarfsemi, opinber stjórnarsýsla	4	5	4
Þjónustustarfsemi fyrir neytendur	8	11	5
Samtals	100	100	100

Fimmtungur af TEA frumkvöðlastarfseminni er í smásölu, hótélrekstri og veitingasölu samanborið við 14% í fyrra. Einnig hefur fyrirtækjum í byggingariðnaði fjölgað úr 8% í 12% og í heildsölu og viðgerðarþjónustu úr 8% í 11%. Þeir sem eru í öðrum viðskiptum og sérhæfðri þjónustu svo sem hugbúnaðarþróun, sölu og þjónustu svo dæmi sé tekið hefur hins vegar fækkað umtalsvert eða úr 21% niður í 12%. Fyrirtækin sem verið er að stofna eru því í frekar hefðbundnum atvinnugreinum.

Einnig er áhugavert að skoða hvers konar fyrirtæki er nýbúið að stofna og hvers konar fyrirtæki eru enn í undirbúningsfasanum. Mun færri ráðgera að stofna fyrirtæki í landbúnaði eða sjávarútvegi en þeir sem eru nýbúnir að því. Einnig virðist sem þeir sem eru að undirbúa stofnun fyrirtækis séu í meira mæli en áður að stofna fyrirtæki sem gefa fyrir af sér einhverjar tekjur eins og heildsölu, veitinga- og hótélrekstur, viðgerðarþjónustu o.fl. Færri eru að reyna að stofna fyrirtæki sem veita sérhæfða þjónustu.

4.4 Væntingar til vaxtar og nýsköpunar

Hlutfall nýrra fyrirtækja sem hefur miklar væntingar um vöxt og nýsköpun er mælikvarði á hreyfiafl og atvinnusköpun sem býr í nýjum fyrirtækjum. Til þess að vaxa þurfa fyrirtæki að hafa ásetning um að auka starfsemi fyrirtækisins og möguleika til þess. Vegna þess að Íslendingar eru fámennir þá eru vaxtarmöguleikar mikið tengdir möguleikum til útrásar. Nýsköpun getur falist í því að setja nýjar vöru og þjónustu á markað. Nýskapandi fyrirtæki eru oft ekki í eins harðri samkeppni og önnur fyrirtæki og byggja vörur sínar og þjónustu gjarnan á nýrri tækni.

Í GEM-könnunni er spurt um væntingar frumkvöðlanna til starfsemi fyrirtækja sem þeir undirbúa stofnun á eða hafa nýlega stofnað. Það er spurt um hversu margir eru líklegir til að starfa hjá fyrirtækinu við 5 ára aldur, hversu stór hluti af viðskiptum þess sé erlendis og hversu mikillar nýsköpunar sé að vænta í vörum þeirra og þjónustu. Þessar upplýsingar má nota til þess að meta hreyfiafl og möguleika til atvinnusköpunar meðal nýrra fyrirtækja.

4.4.1 Vöxtur – fjöldi starfsmanna

Niðurstöður væntinga um fjölda starfsmanna við fimm ára aldur fyrirtækisins bæði 2002 og 2003 má sjá í töflu 4.3.

Tafla 4.3 Fjölgun starfa

Fjöldi starfsmanna við fimm ára aldur fyrirtækisins

	Heildarfrumkvöðlastarfsemi á Íslandi (fjöldi af 100)	
	2003	2002
Enginn	20	17
1-5	40	32
6-19	23	13
20 eða fleiri	18	37
	100	100

Talsvert hefur dregið úr væntingum TEA frumkvöðlanna frá síðustu könnun. Fimmtungur býst ekki við að hafa neinn starfsmann að fimm árum liðnum og 60% telja að þeir verði með fimm eða færri starfsmenn en tæpur helmingur frumkvöðlanna svaraði því til í síðustu könnun. Fleiri áætla að fyrirtækið hafi skapað 6-19 störf við fimm ára aldur en árið 2002 eða 23% en aðeins 18% telja að fyrirtækið hafi fleiri en 20 starfsmenn að þessum tíma liðnum samanborið við 37% árinu á undan. Engu að síður eru Íslendingar nokkuð bjartsýnni en frændur okkar á Norðurlöndum en tæplega 11 af hverjum þúsund gera ráð fyrir að hafa fleiri en 20 manns í vinnu við fimm ára aldur á Íslandi. Danir og Finnar eru ekki langt undan en Svíar og Norðmenn eru ekki eins stórhuga. Meðaltal allra GEM landanna sem vænta þess að hafa fleiri en 20 starfsmenn við fimm ára aldur er um níu af hverjum þúsund.

4.4.2 Vaxtarmöguleikar – viðskipti erlendis

Heldur fleiri höfðu væntingar um að stunda viðskipti erlendis árið 2003 en árið 2002 þó ekki sé um mikla breytingu að ræða. Engu að síður hefur hlutfall þeirra frumkvöðlafyrirtækja sem hafa væntingar um að hlutfall viðskiptavina á erlendri grund 25% eða meira farið úr rúmum 16% í 24%. Af augljósum ástæðum ætti Ísland að vera ofarlega á þessum skala þar sem heimamarkaðurinn er mjög takmarkaður.

Tafla 4.4 Hlutfall viðskiptavina erlendis

Hlutfall viðskiptavina erlendis	Heildarfrumkvöðla- starfsemi á Íslandi
Engir	36
1-24%	40
26-74%	13
75-100%	11
	100

4.4.3 Nýsköpun

Til þess að reyna að greina hvaða fyrirtæki eru að gera eitthvað sem gæti leitt til nýsköpunar voru þeir sem flokkuðust sem frumkvöðlar spurðir eftirfarandi spurninga:

- Munu allir, einhverjir eða engir af hugsanlegum viðskiptavinum fyrirtækisins líta á þessa vöru eða þjónustu sem nýja og framandi?
- Eru mörg, fá eða engin fyrirtæki um þessar mundir sem bjóða hugsanlegum viðskiptavinum nýja fyrirtækisins upp á sömu vörur eða þjónustu og það mun bjóða upp á?
- Telur þú að tækni eða þær aðferðir sem vörur og þjónusta fyrirtækisins byggir á hafi almennt verið aðgengileg fyrir einu ári síðan?

Samkvæmt töflu 4.5 eru þeir sem undirbúa stofnun fyrirtækis með nokkuð meiri væntingar en þeir sem hafa þegar hafið rekstur þegar spurt er hvort varan eða þjónustan sé ný eða framandi. Þetta er sambærilegt við árið 2002. Rúmur helmingur þeirra sem eru að undirbúa stofnun fyrirtækis segja að varan eða þjónustan sé ekki ný af nálinni en 70% þeirra sem eru þegar komnir út í rekstur.

Þegar spurt er að því hvort margir samkeppnisaðilar séu eða muni verða við fyrirtækið er það sama upp á teningnum. Væntingar eru minni meðal þeirra sem eru að undirbúa stofnun fyrirtækis árið 2003 en árið 2002. Þeir telja engu að síður samkeppnina minni en þeir sem eru þegar í rekstri.

Fæstir telja að sú tækni eða þær aðferðir sem vörur og þjónusta fyrirtækisins byggja á hafi almennt verið aðgengileg fyrir ári síðan eða um 80% þeirra sem eru að undirbúa stofnun fyrirtækis og tæp 90% sem stofnuðu fyrirtæki á síðastliðnum 42 mánuðum.

Tafla 4.5 Væntingar frumkvöðla til rekstursins

		Fyrirtæki á meðgöngu- stiginu		Ný fyrirtæki	
		2003	2002	2003	2002
Munu allir, einhverjir eða engir af hugsanlegum viðskiptavinum fyrirtækisins líta á þessa vöru eða þjónustu sem nýja og framandi?	Allir	14	20	7	12
	Sumir	34	33	25	22
	Engir	53	47	68	67
		100		100	
Eru mörg, fá eða engin fyrirtæki um þessar mundir sem bjóða hugsanlegum viðskiptavinum nýja fyrirtækisins upp á sömu vörur eða þjónustu og það mun bjóða upp á?	Mörg	45	38	62	60
	Fá	37	37	28	29
	Engin	19	25	10	11
		100		100	
Telur þú að sú tækni eða þær aðferðir sem vörur og þjónusta fyrirtækisins byggir á hafi almennt verið aðgengileg fyrir einu ári síðan?	Nei	19	21	8	13
	Já	81	80	92	88
		100		100	


Niðurstöður þessara þriggja þátta voru settar saman í eina breytu sem mælikvarði á nýsköpun. Þegar öll GEM-löndin er tekin saman fyrir árið 2002 og 2003 kom í ljós 37% þjuggust ekki að nein nýsköpun væri fólgin í starfseminni, 29% töldu að einhver nýsköpun væri til staðar en aðeins 3% töldu mikla nýsköpun fóligna í starfseminni. Í stuttu máli þá munu tvö af hverjum þremur fyrirtækjum ekki fela í sér neina nýsköpun en aðeins eitt af hverjum 30 munu verða mjög nýskapandi.

Ef litið er á gögnin fyrir Ísland fyrir árið 2003 kemur í ljós að 54% telja að þeir muni ekki hafa nein áhrif, 29% telja sig hafa einhver áhrif en aðeins 4% telja að þeir muni geta haft veruleg áhrif. Hlutfall þeirra sem telja sig hafa mikil áhrif er því hærra hér en í flestum hinna landanna, aðeins tvö lönd eru með hærra hlutfall en Íslendingar. Hafa verður þó í huga að spurt er um nýnæmi gagnvart þeim markaði sem við lifum og hrærumst í.

4.4.4 Nýskapandi fyrirtæki með vaxtarmöguleika

Það er vissulega gott ef fyrirtæki eru nýskapandi og það er einnig talið gott að fyrirtæki hafi metnaðarfull vaxtaráform en best væri ef þau fyrirtæki sem ætla sér að vaxa séu að stunda nýsköpun og þar með ákveðna markaðsútvíkkun. Íslendingar eru annaðhvort mjög bjartsýn þjóð eða eru einfaldlega að stofna fyrirtæki sem bæði er ætlað að vaxa og vera nýskapandi. Þetta kemur í ljós þegar Ísland er borið saman við hin GEM-löndin út frá því hversu margir af hverjum 10.000 búast við því að skapa fleiri en 19 störf og út frá því hversu mörg frumkvöðlafyrirtæki af hverjum 10.000 telja að vörur og þjónusta fyrirtækisins komi til með að hafa mikil markaðsáhrif. Niðurstöðurnar er hægt að sjá á mynd 4.3 en þar er Ísland mjög ofarlega í mestu þyrpingunni.

Mynd 4.3 Samband væntinga um vöxt og nýsköpun



Löndin sem standa langt úr úr hvað varðar nýsköpun og fjölda starfa eru Chíle og Úganda. Þar eru líklegt að auðfelt sé að koma með nýjungar inn á markaðinn sem eru vel þekktar í öðrum löndum. Í mörgum löndum þar sem væntingar um um fjölgun starfsmanna eru miklar skýrist það af lágum launakostnaðir.

Gagnlegt er að skoða Ísland betur í þessu tilliti. Tafla 4.6 tekur saman þessar upplýsingar.

Tafla 4.6 Fjöldi fyrirtækja eftir vaxtaáformum og nýsköpun

Væntanlegur fjöldi starfa við fimm ára aldur				
		0-5 störf	6 eða fleiri störf	Samtals
Nýsköpun	Mikil	11%	6%	17%
	Lítill	46%	37%	83%
		57%	43%	100%

Í þessari töflu kemur ef til vill enn betur í ljós hvort Íslendingar geti búist við að mörg fyrirtæki eigi bæði eftir að vaxa og vera nýskapandi. Langflestir telja að ekki sé um mikla nýsköpun að ræða eða um 83% og meirihlutinn mun heldur ekki ráða marga til starfa. Flest frumkvöðlafyrirtækjanna koma því til með að verða lítill og lítill nýsköpun fólgin í starfseminni. Tæp 40% telja þó að þeir komi til með að hafa 6 eða fleiri starfsmenn í vinnu án þess þó að ætla að gera nýja hluti. Aðeins 6% fyrirtækjanna vænta þess að hafa fleiri en 6 í starfi að fimm árum liðnum og að nýsköpunin sem felst í starfseminni komi til með að hafa umtalsverð áhrif.

Nokkrar nýjar vísitölur voru einnig búnar til í þeim tilgangi að sýna fjölda þessara metnaðarfullu fyrirtækja. Bygðu þessar tölur á væntingum um samkeppni, nýsköpun, fjölda starfsmanna að fimm árum liðnum og útflutningi.

Ísland er frekar ofarlega á skalanum í flestum þessum vísitölum og telst um 1% af öllum íslenskum frumkvöðlafyrirtækjum til talsvert nýskapandi fyrirtækja með mikla vaxtarmöguleika. Er þetta þó mun lægra en árið 2002 þegar tæp 4% flokkuðust þannig. Hafa verður þó í huga að smæð markaðarins minnkar samkeppni og gerir útflutning nauðsynlegri en í mörgum öðrum löndum.

Þegar vísitölurnar, sem mæla hlutfall nýskapandi fyrirtækja með mikla vaxtarmöguleika er skoðaðar fyrir GEM-löndin, má finna marktæka fylgni á milli þeirra og mælikvarða á samkeppnishæfni, t.d. frá World Competitiveness Yearbook og Global Competitiveness Report. Það sama er ekki upp á teningnum um hina almennu TEA vísitölu en sterkasta fylgnin er á milli þessara mælinga og TEA vísitölnnar sem byggir illri nauðsyn og er sú fylgni neikvæð eins og hægt var að geta sér til um.

4.5 Samantekt

Í upphafi kaflans var því velt upp hvort allir hefðu jöfn tækifæri til að gerast frumkvöðlar eða öllu heldur hvort aldur, kyn, menntun og tekjur skipti máli. Niðurstöðurnar eru ekki ósvipaðar því sem þær voru árið 2002. Karlar eru tvöfalt líklegri til að stofna fyrirtæki en konur. Flestir eru að stofna fyrirtæki á aldrinum 25-54 ára.

Þegar litið er á einstaklinga eftir því hvaða menntun þeir hafa þá eru þeir sem hafa lokið framhaldsskólaprófi virkastir í að stofna fyrirtæki. Almennt er hærra hlutfall háskólamenntaðra að stofna fyrirtæki byggt á viðskiptatækifæri en þeir sem eru með aðra menntun. Háskólamentuðu fólki sem stofnar fyrirtæki hefur því fækkað frá árinu 2002.

Flestir frumkvöðlanna falla í miðþriðjung tekna þjóðarinnar. Þeir sem eru í tekjuhæsta þriðjungnum eru hins vegar líklegri til að stofna fyrirtæki en í lægri tekjuflokkunum.

Færri eru að stofna fyrirtæki í sérhæfðri viðskiptaþjónustu en árið 2002 en fleiri eru að hefja rekstur í hefðbundnum atvinnugreinum.

Væntingar Íslenskra frumkvöðla til fjölda starfsmanna, nýsköpunar og útrásar eru talsverðar og meira en gengur og gerist í mörgum hinna GEM-landanna en talsvert minni en þær voru árið áður. Flestir TEA-frumkvöðlanna telja litla eða enga nýsköpun fólga í starfsemi sinni. Um 6% hafa miklar væntingar um bæði nýsköpun og vöxt.

5 Umhverfi frumkvöðlastarfsemi

5.1 Inngangur

Þessi kafli fjallar um umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi. Fyrsti hluti þessa kafa fjallar um afstöðu bæði almennings og sérfræðinga til frumkvöðlastarfsemi. Afstaðan er fólgin í mati á eigin möguleikum til frumkvöðlastarfsemi og viðhorfum gagnvart frumkvöðlastarfsemi í menningu þjóðanna en möguleikar og jákvæð viðhorf eru grunnforsenda fyrir gróskumikilli frumkvöðlastarfsemi. Annað sem skiptir miklu máli er það almenna umhverfi sem frumkvöðlastarfseminni er ætlað að dafna í. Þar koma grunnskilyrðin níu í GEM líkaninu sem var lýst í kafla 2.2. til sögunnar en sérfræðingar landsins voru fengnir til að svara spurningalista um þessi grunnskilyrði og er sagt frá niðurstöðum hans í kafla 5.3. Auk þess að svara spurningalistanum voru sérfræðingarnir beðnir um að segja frá því hvað þeir teldu vera styrkleika og veikleika landsins með tilliti til þróunar frumkvöðlastarfsemi og koma með tillögur að aðgerðum til að stuðla að áframhaldandi þróun frumkvöðlastarfsemi í landinu. Niðurstöður úr viðtölunum er að finna í kafla 5.4 en tilvitnanir í sérfræðingana er einnig að finna í umfjölluninni um grunnskilyrðin. Reynt var að taka þversnið af öllum sem koma að frumkvöðlastarfsemi á einhvern hátt, bæði var tekið viðtal við frumkvöðla og fagmenn, sérfræðinga af höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni o.s.frv. Fjölbreytnin endurspeglast oft í þversagnarkenndum svörum þeirra enda ræddu þeir oft hvor sína hliðina á sama peningnum.

5.2 Afstaða til frumkvöðlastarfsemi

Afstöðu til frumkvöðlastarfsemi er skipt í tvo hluta. Annars vegar mat á tækifærum til frumkvöðlastarfsemi, færni og áræðni og hins vegar viðhorf til velgengni frumkvöðla í menningu landsins. Litið er á þessar spurningar út frá skoðunum almennings og skoðunum sérfræðinganna. Hafa verður þó í huga að almenningur sem lenti í símakönnuninni var spurður einfaldrá já og nei spurninga en sérfræðingarnir fengu fleiri afbrigði af sömu spurningum/fullyrðingunum og gátu gefið þeim einkunn á skalanum 1. mjög sammála til 5. mjög ósammála. Í töflu 5.1 er einnig að finna samanburð á svörum almennings eftir kyni, menntun og tekjum til þess að átta sig á því hvernig mismunandi hópar meta möguleika sína til þátttöku í frumkvöðlastarfsemi.

5.2.1 Þekking, tækifæri, færni og áræðni

Með því að líta á afstöðu almennings til frumkvöðlastarfsemi er betur hægt að gera sér grein fyrir hverjir eru líklegir til að stofna fyrirtæki og hverjir veigri sér við því eða vilji það ekki. Afstaðan endurspeglar menningu þjóðarinnar og trú hennar á sjálfa sig sem frumkvöðla.

Það mætti ætla að þeir sem (1) þekkja einhvern sem hefur stofnað fyrirtæki, (2) sjá viðskiptatækifæri í öllum krókum og kimum, (3) telja sig búa yfir hæfni til að stofna og reka nýtt fyrirtæki og (4) hafa ekki áhyggjur af afleiðingum þess að mistakast séu líklegri til þess að taka á einn eða annan hátt þátt í að stofna fyrirtæki.

Áhrif þessara þátta hafa verið könnuð út frá samanlögðum gögnum allra landanna. Áhrifin eru í þá átt sem vænta mátti. Sterkustu áhrifin á það hvort einstaklingar stofni fyrirtæki er trú manna á getu sína til að stofna fyrirtæki. Þeir sem telja sig búa yfir hæfni til að stofna fyrirtæki eru 4-6 sinnum líklegri til að taka þátt í frumkvöðlastarfsemi heldur en þeir sem ekki telja sig hafa kunnáttuna. Næst mikilvægast er hvort einstaklingar telja að góð viðskiptatækifæri séu til staðar. Þeir sem sjá viðskiptatækifæri eru þrisvar sinnum líklegari til að taka þátt í einhvers konar frumkvöðlastarfsemi en þeir sem ekki sjá tækifærin. Þeir sem þekkja einhvern sem hefur stofnað fyrirtæki eru 2-3 sinnum líklegri til að taka þátt í frumkvöðlastarfsemi en þeir sem ekki þekkja neinn. Hræðsla við að mistakast virðist ekki hafa marktæk áhrif á það hvort einstaklingar stunda frumkvöðlastarfsemi eða ekki. Kemur það nokkuð á óvart.

Sett var saman vísitala fyrir fyrstu þrjá þættina sem tekur gildið 1 stig ef öllu er svarað neitandi, 2 stig ef einni spurningunni er svarað játandi, 3 ef tveim er svarað játandi og 4 ef öllum þrem er svarað játandi. Þeir sem eru með hæsta gildið eru 10 sinnum líklegri til að taka þátt í frumkvöðlastarfsemi heldur en þeir sem eru lægstir.

Allir sem lentu í símakönnuninni voru spurðir eftirfarandi spurninga, niðurstöðurnar fyrir Ísland sem og samanburður við meðaltal hinna GEM-landanna kemur fram í töflu 5.1.

Tafla 5.1 Afstaða til frumkvöðlastarfsemi

	Prósenta kvenna sem svöruðu játandi	Prósenta karla sem svöruðu játandi	Prósenta með menntun á framhalds-skólastigi	Prósenta með framhalds-skólapróf	Prósenta með háskóla-menntun	Prósenta í lægsta tekjupriðjungi	Prósenta í miðju-priðjungi	Prósenta í hæsta tekju-priðjungi	Meðaltal allra þjóðanna
Allir	88,1%	91,7%	84,2%	89,2%	93,4%	78,8%	89,7%	92,5%	40,1%
Þekkir einhvern persónulega sem hefur stofnað fyrirtæki á síðustu tveimur árum	84,4%	91,7%	84,2%	89,2%	93,4%	78,8%	89,7%	92,5%	40,1%
Telur að á næstu sex mánuðum muni verða mörg góð tækifæri til að stofna nýtt fyrirtæki á því svæði sem hann býr	47,4%	53,3%	48,3%	51,0%	53,7%	45,6%	51,7%	56,3%	33,8%
Telur sig hafa þekkingu, kunnáttu og reynslu sem þarf til að stofna nýtt fyrirtæki	35,4%	59,8%	33,1%	53,6%	67,1%	31,2%	48,4%	61,6%	44,2%
Telur að hræðslan við að mistakast geði komið í veg fyrir að hann stofnaði fyrirtæki	43,5%	34,1%	45,8%	36,5%	29,1%	43,9%	39,1%	28,8%	35,5%

Álit almennings

Það undrar líklega engan að margir Íslendingar þekki einhverja sem hafa stofnað fyrirtæki á síðustu tveimur árum þar sem „allir þekkja alla“ en að það séu tæp níutíu prósent er mjög hátt hlutfall. Engin önnur þjóð er með eins hátt hlutfall. Um helmingur þjóðarinnar (á aldrinum 18-64 ára) telur einnig að mörg góð tækifæri verði til að stofna nýtt fyrirtæki á því svæði sem hann býr á næstu sex mánuðum sem er mun hærra en meðaltal allra GEM-landanna sem er 33,8%. Þá telur einnig tæplega helmingur þjóðarinnar sig hafa þá þekkingu, kunnáttu og reynslu sem þarf til að stofna nýtt fyrirtæki.

Ísland stendur verr að vígi en meðaltal þjóðanna þegar kemur að hræðslunni við að mistakast. Eins og fram kom hér að framan hefur þessi breyta ekki marktæk áhrif á hversu margir stofna fyrirtæki en marktæk fylgni er við hinar breyturnar þrjár. Það ætti því að vera ánægjuefni að Ísland er hærra en meðaltal í þeim efnum. Hitt verður þó að hafa í huga að svörin eru mat almennings en ekki hlutlægur mælikvarði á getu eða hversu mörg tækifæri eru til staðar. Það sem má lesa út úr þessum gögnum er fyrst og fremst að Íslendingar eru nokkuð bjartsýnt fólk á hæfni sína og tækifæri og eru því væntanlega líklegri til að stofna fyrirtæki fyrir vikið.

Hærra hlutfall karla telur sig hafa þá þekkingu, kunnáttu og reynslu sem þarf til þess að stofna fyrirtæki eða um 60% á móti 35% kvenna. Það sama er upp á teningnum með viðskiptatækifærin, hlutfall karla eru þar mun hærra en hlutfall kvenna eða 53% á móti 47%. Hærra hlutfall kvenna en karla telur hins vegar að hræðslan við að mistakast gæti komið í veg fyrir að viðkomandi stofni fyrirtæki. Þetta er í samræmi við almenna tilfinningu að konur séu áhættufælnari en karlmenn.

Undantekningarlaust þá svara fleiri fyrstu þremur spurningunum játandi sem eru með meiri menntun eða hærri tekjur. Þeir sem eru með meiri menntun og hærri tekjur eru hins vegar ekki eins smeykir við að mistakast eins og þeir sem eru tekjulægri eða með minni menntun. Líkurnar á því að stofna fyrirtæki ættu því að aukast með auknum tekjum og menntun.

Álit sérfræðinganna

Tækifæri til frumkvöðlastarfsemi

Sérfræðingarnir eru frekar sammála því að Íslendingar sjái mikið af tækifærum til stofnunar nýrra fyrirtækja og jafnframt að tækifærin hafi aukist talsvert á síðustu árum. Þeir telja þó að meira framboð sé á tækifærum en fólki til að nýta þau. Tækifærin eru hins vegar ekki endilega í hávaxtarfyrirtækjum því að svar sérfræðinganna þar um er hlutlaust sem og hvort auðvelt sé að nálgast þær upplýsingar sem þarf til að meta viðskiptatækifæri. Ísland stendur nokkuð vel í samanburði við hin GEM-löndin þegar svör sérfræðinga þeirra landa eru borin saman.

Færni til frumkvöðlastarfsemi

Þegar sérfræðingarnir voru spurðir hvort trú manna væri að auðvelt væri að stofna ný fyrirtæki og hvort Íslendingar brygðust hratt við góðum tækifærum og hefðu reynslu af því að hefja rekstur, mældust Íslendingar iðulega hærri en hin GEM-löndin. Hins vegar voru

sérfræðingarnir ekki eins vissir í sinni sök þegar þeir voru spurðir hvort Íslendingar hefðu nægilega þekkingu til að skipuleggja og hefja nýjan rekstur eða stjórna nýju fyrirtæki. Engu að síður er Ísland annað hæst þegar meðaltal þessara þátta er tekið með 3,27 stig á skalanum frá einum upp í fimm á móti 2,48 sem er meðaltal þjóðanna.

5.2.2 Menning og viðhorf

Allir sem lentu í GEM könnuninni voru einnig spurðir nokkurra já og nei spurninga um mat sitt á almennum viðhorfum til frumkvöðlastarfsemi. (1) Hvort að á Íslandi sé almennur vilji til þess að allir landsmenn búi við svipuð kjör. (2) Hvort flestir Íslendingar teldu stofnun fyrirtækja eftirsóknarverðan starfsvettvang og (3) hvort að þeim Íslendingum sem tekst á árangursríkan hátt að stofna fyrirtæki njóti mikillar virðingar og metorða á Íslandi og síðast en ekki síst hvort oft væri sagt frá árangursríkum nýjum fyrirtækjum í fjölmiðlum. Sett var saman svipuð vísitala og fyrir afstöðu almennings til eigin möguleika til frumkvöðlastarfsemi.

Áhrifin eru eins og áður í þá átt sem búast mátti við. Þeir einstaklingar sem höfðu jákvæð eða hvetjandi viðhorf voru fjórum sinnum sinnum líklegri til þess að taka þátt í stofnun fyrirtækis.

Mynd 5.1. Menning og viðhorf

	Allir	Meðaltal allra þjóðanna
Á Íslandi er almennur vilji til þess að allir landsmenn búi við svipuð kjör	64,4%	62,9%
Flestir Íslendingar telja stofnun fyrirtækja eftirsóknarverðan starfsvettvang	60,8%	61,5%
Þeim Íslendingum sem tekst á árangursríkan hátt að stofna fyrirtæki njóta mikillar virðingar og metorða á Íslandi	68,5%	65,4%
Á Íslandi er oft sagt frá árangursríkum nýjum fyrirtækjum í fjölmiðlum	84,0%	61,1%


Frumkvöðlamenningarvísitalan fyrir Ísland er 2,12 en meðaltal allra GEM-landanna er 1,87 og meðaltal Norðurlandanna er 1,73. En lítum á hverja spurningu fyrir sig. Niðurstöðurnar eru í töflu 5.2.

Álit almennings

Íslendingar eru rétt í kringum meðaltal allra þjóðanna þegar spurt er um menningarlega þætti þó nokkur frávik séu. Um 65% Íslendinga telja að almennur vilji sé til þess að allir búi við svipuð kjör. Þetta er meira en meðaltal allra GEM-landanna og reyndar hærra en gengur og gerist á hinum Norðurlöndunum. Noregur og Svíþjóð eru þó ekki langt á undan en aðeins um 55% Dana og Finna eru á sama máli. Þegar spurt er hvort flestir Íslendingar telji stofnun fyrirtækis eftirsóknarverðan starfsvettvang eru um 60% á þeirri skoðun. Engin

hinna Norðurlandabjódanna telur stofnun fyrirtækja eins eftirsóknarverðan starfsvettvang og Íslendingar samkvæmt þessu. Aðeins um þriðjungur Norðmanna svaraði þessu játandi.

Tafla 5.2 Menning og viðhorf



Einstaklingarnir sem lentu í úrtakinu voru einnig spurðir hvort þeim Íslendingum sem tekst á árangursríkan hátt að stofna fyrirtæki njóti mikillar virðingar og metorða á Íslandi. Því svöruðu tæp 70% játandi sem er rétt undir meðaltali GEM-landanna. Finnar samgleyðast löndum sínum greinilega einna mest og bera virðingu fyrir þeim sem leggja það á sig að stofna fyrirtæki en um 84% svöruðu spurningunni játandi.

Síðasta spurningin sem lýsir þeirri menningu sem frumkvöðlastarfseminni er ætlað að starfa í er hvort oft sé sagt frá árangursríkum nýjum fyrirtækjum í fjölmiðlum. Íslenskir fjölmiðlar eru greinilega að standa sig vel í þeim efnum að mati almennings og betur en í öllum hinum GEM-löndunum.

Álit sérfræðinganna

Nokkrar spurningar voru um viðhorf til frumkvöðla og eru svipaðar og almenningur var spurður þ.e. hvort Íslendingar telji frumkvöðlastarfsemi vera eftirsóknarverðan starfsvettvang, hvort íslenskir frumkvöðlar sem hafa náð góðum árangri njóti virðingar og metorða, hvort oft megi sjá umfjöllun um frumkvöðla sem hafa náð góðum árangri í fjölmiðlum. Til þess að meta hvort menning Íslendinga einkennist af því að viðhalda jöfnuði var spurt hvort stofnunun áhættusamra fyrirtækja væri talin vænleg leið til að verða ríkur. Síðast en ekki síst var spurt hvort flestir Íslendingar telji frumkvöðla vera hæfileikaríka og úrræðagóða einstaklinga. Sérfræðingarnir voru nokkuð jákvæðir í garð flestra þessara þátta eða fannst þessar fullyrðingar hvorki vera réttar né rangar. Skoðanir sérfræðinganna um virðingu og metorð frumkvöðlanna er nokkuð svipaðar og almennings en sérfræðingarnir eru ekki eins jákvæðir í garð fjölmiðlanna.

5.3 Grunnskilyrðin

Spurningalistinn, sem lagður var fyrir sérfræðingana í hverju landi gefur mikilvægar vísbendingar um hvernig málum er háttað á Íslandi miðað við hin GEM-löndin. Það sýnir gagnsemi þeirra að svörin hafa verið mjög svipuð á milli ára í hverju landi fyrir sig jafnvel þótt nýir sérfræðingar séu fengnir til að svara. Fimm til sex spurningar voru fyrir hvert grunnskilyrðanna sem lýst var í kafla 2.2 á fullyrðingaformi þar sem svarmöguleikarnir voru á skalanum 1. mjög ósammála upp í 5. mjög sammála. Sérfræðingarnir voru ekki beðnir um að svara til um ástandið í samanburði við önnur lönd heldur um viðhorf þeirra til aðstæðna á Íslandi.

Tafla 5.3. dregur saman helstu niðurstöður spurningalistans um grunnskilyrðin níu auk spurningar um hugverkaréttindi. Í töflunni er að finna meðaleinkunn Íslendinganna miðað við meðaltal allra landanna, hvar í röðinni Ísland lendir, hæsta gildið sem gefið var í einstöku landi og lágsta gildið. Gildi nálægt einum lýsa óánægju með ástand mála hvað varðar viðkomandi grunnskilyrði, gildi nálægt þremur lýsa tvíræðri/hlutlausri afstöðu, gildi nálægt fimm lýsa ánægju með stöðu mála. Fyrir aftan gildin eru skammstafanir fyrir þau lönd sem skorðu hæst/lægst. En lítum á hvert skilyrði fyrir sig og hvað sérfræðingarnir höfðu um það að segja.

Tafla 5.3 Samantekt á mati sérfræðinganna á grunnskilyrðunum

	Ísland	Röð	Hæsta gildi	Meðal-gildi	Lágsta gildi
Fjármagnsstuðningur	1,87	29	3,57 (US)	2,61	1,59 (VE)
Stefna hins opinbera					
Almenn stefna	2,48	20	3,59 (US)	2,6	1,53 (VE)
Skrifræði og reglur (hversu auðvelt er að stofna fyrirtæki, hraði, reglur ríkisins o.fl.)	3,84	2	4,26 (HK)	2,53	1,32 (BR)
Verkefni hins opinbera - árangur og skilvirkni	2,44	21	3,52 (IE)	2,62	1,2 (VE)
Menntun og þjálfun					
Árangur á grunn- og framhaldsskólastiginu	2,23	9	2,76 (US)	2,06	1,38 (FR)
Árangur í framhaldsmenntun/annarri menntun/símenntun	2,82	16	3,81 (US)	2,79	1,89 (GR)
Árangur/skilvirkni útbreiðslu rannsóknar og þróunar	2,52	14	3,47 (US)	2,49	1,63 (UG)
Grunnstoðir viðskiptalífsins	3,25	17	4,21 (US)	3,23	2,55 (BR)
Aðgangur/aðgangshindranir á markaði					
Markaðstöðuleiki	3,15	6	3,95 (CH)	2,81	1,85 (CA)
Markaðshindranir	2,8	16	3,42 (US)	2,75	2,1 (BR)
Aðgangur að allri aðstöðu	4,34	8	4,74 (HK)	3,95	3,13 (BR)
Verndun hugverkaréttinda	3,3	16	4,05 (CA)	3,12	1,55 (UG)
Menningar- og samfélagslegar venjur	3,68	3	4,59 (US)	2,76	1,74 (SE)

US: Bandaríkin; TH: Tæland; HK: Hong Kong; IE: Írland; CH: Kína; CA: Kanada
 Venesúela; BR: Brasilía; FR: Frakkland; GR: Grikkland; UG: Úganda; SE: Svíþjóð

Fjármagnsstuðningur

Það er nokkuð ljóst að aðgangur að fjármagni veldur flestum viðmælendanna mestu hugarangri. Ísland er með þriðju lægstu einkunnina út úr spurningum sem fjölluðu allar um framboð á fjármagni hvort sem um er að ræða, hlutfé, lánsfé, styrki eða áhættufjármagn. Sérfræðingunum var mjög umhugað um fjármögnunarpáttinn, bæði almennan skort á fjármagni og vandræði þeirra sem hafa verið í því að fjármagna frumkvöðlafyrirtæki. Fjárfestar eru brenndir og skortir hvata til að halda áfram að fjármagna frumkvöðlafyrirtæki sem mörg hver eru áhættusamari en rótgrónari fyrirtæki.

„Það er yfir höfuð erfitt að fá fjármögnun. Myndast hefur svokölluð nýsköpunargjá,...bilið milli þess þegar hið opinbera er hætt að fjármagna rannsóknir og tækniþróun eða vörubrúun og til þess þegar fjárfestar á einkamarkaði eru tilbúnir að koma inn.“

Framboð á áhættufjármagni er mjög lítið og þar af leiðandi er arðsemiskrafan sem gerð er á fyrirtæki mjög há. „Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er orðinn vörslusjóður“ og það er jafnframt mikill skortur á annarrar umferðar fjármögnun þótt ekki sé minnst á þriðju umferðar fjármögnun. „Eini möguleikinn sem þú hefur eru vinir, vandamenn og vitleysingar“.

„Við togum í plöntuna rétt þegar hún er að byrja að festa rætur og togum hana uppúr moldinni, af því að hún á að vera tilbúin og hún er það ekki. Við ætlum að láta hana vaxa hraðar en hún getur vaxið.“

Nánar verður fjallað um fjármögnun frumkvöðlafyrirtækja í sérstakri skýrslu sem fylgir þessari.

Verkefni og stefna hins opinbera

Þær spurningar sem snéru að verkefnum og stefnu hins opinbera má skipta í þrjá flokka. Almenna stefnu, hversu auðvelt kerfið er og árangur og skilvirkni verkefna hins opinbera sem eiga að beinast að frumkvöðlastarfsemi. Ekki er mikið skrifræði á Íslandi í samanburði við hin löndin og tiltölulega auðvelt er að stofna fyrirtæki lagalega séð. Sérfræðingarnir gefa Íslandi því góða einkunn í þeim efnum og er Ísland í öðru sæti GEM-landanna. Þegar vikur að almennri stefnu í málefnum frumkvöðlastarfsemi er allt annað upp á teningnum. Sérfræðingarnir eru t.d. frekar ósammála því að stuðningur við ný og vaxandi fyrirtæki hafi forgang hjá hinu opinbera. Meðaltal þessara þátta er 2,48 sem er lægra en meðaltal allra GEM-landanna.

„Stefnan þarf að vera skýrari og samræmdari, hún á að vera stefna stjórnvalda hvort sem það er nýsköpun í sjávarútvegi, iðnaði eða landbúnaði, en ekki einhvers einstaks ráðuneytis.“ „Þetta mega ekki vera byggðastyrkir eða dulbúinn búsetustuðningur eða eitthvað slíkt.“

„Stjórnvöld eru sterk í að mynda skoðun einstaklinganna, þau mega því ekki einskorða sig við of fá svið. Stóriðja er ein leið en í leiðinni er verið að útiloka aðrar leiðir“

Svörin við spurningunum sem snéru að árangri og skilvirkni benda til óánægju með árangur og skilvirkni verkefna hins opinbera í heild þótt sumir sérfræðinganna nefndu eitt og eitt verkefni sem stæði upp úr. Engin spurning náði 3 og meðaltal þeirra allra er 2,44.

„Það vita flestir af þeim sem stýra og stjórna hver staðan er. NSA einn að fjárfesta og er að fara í stopp. Það er hins vegar enginn að vinna í því að taka á því.“ „Það er engin samræming á milli atvinnuráðgjafanna, milli Byggðastofnunar, milli Impru, Nýsköpunarsjóðs og milli allra þessara opinberu aðila, það er ekkert samræmingarhlutverk í gangi. Því þarf að breyta.“

„Þrátt fyrir að alltaf sé verið að tala um að reyna að einfalda þetta þá held ég að það sé samt alltaf verið að gera þetta kerfi flóknara, sem gerir það ekki mjög aðlaðandi fyrir einstaklinga að leggja það á sig að skilgreina hugmyndina sína og ætla síðan að hrinda henni í framkvæmd vegna þess að það er alltof algengt að þú sért að fara á einhverja staði og þér er vísað eitthvað annað.“

„Sjá meira samræmi á milli orðræðu og í stefnu hins opinbera og framkvæmda. Viljayfirlýsingar eru fyrir hendi en reyndin er allt önnur niðri á verksmiðjugólfinu.“

Menntun og þjálfun

Menntun og þjálfun er skipt annars vegar í árangur grunn- og framhaldsskólamenntunar og hins vegar lengra nám og aðra þjálfun.

Á fyrri skólastigum er Ísland aðeins fyrir ofan meðaltal hinna landanna. Þrátt fyrir það eru sérfræðingarnir frekar ósammála því að kennsla á grunn- og framhaldsskólastigum auki sköpunargeði og sjálfsbjargarviðleitni nemenda og hvetji þá til að taka frumkvæði. Þeir eru ósammála því að kennslan á þessum stigum veiti nægar upplýsingar um grundvallaratriði markaðarins/viðskiptalífsins og að nægilegri athygli sé beint að frumkvöðlastarfsemi og stofnun nýrra fyrirtækja.

Hafa verður þó í huga að meðaltal allra GEM-landanna er ekki nema 2,06 og hæsta gildið í Bandaríkjunum er 2,76 sem er vel innan þess að sérfræðingum finnist „frumkvöðlaandinn“ í skólum viðunandi. Það eru því fleiri en Íslendingar sem gera grunn- og framhaldsskólamenntun að blóraböggli.

Matið á háskólastiginu og annarri framhalds- og símenntun er hlutlaust frekar en nokkuð annað. En jafnvel þótt íslensku sérfræðingarnir séu aðeins jákvæðari í garð þessarar menntunar og gefi að meðaltali 2,82 í stað 2,23 á grunn- og framhaldsskólastiginu þá er Ísland númer 16 í röðinni. Bandarísku sérfræðingarnir telja þennan þátt vera í góðu horfi í þeirra heimalandi með meðaltali 3,81 sem er hærra en hjá öllum hinum GEM-löndunum enda bandarískir háskólar þekktir fyrir að vera góðir og framsæknir í frumkvöðlafræðum.

Sérfræðingarnir töluðu í viðtölunum nokkuð mikið um þekkingarskort á grunnatriðum svo sem skort á fag- eða tæknikunnáttu, sölu- og markaðspekkingu, auk almennrar kunnáttu í rekstri.

„Stjórnendur verða að hafa lágmarkspækingu á viðskipta- og rekstrarþætti rekstrarins og faglega þekkingu þannig að þeir geti brúað bilið milli þeirrar tækni eða sérþekkingar sem viðskiptahugmyndin gengur út á.“

En það eru ekki allir mjög svartsýnir.

„Menntunarstig þjóðarinnar fer síhækkandi. Menn eru sífellt að leita sér endurmenntunar eða viðhalda sér faglega þannig að möguleikarnir að brúa bilið milli mismunandi þekkingarheima og umbreyta þeim í praksís í rekstri er meiri.“

„Hátt hlutfall Íslendinga leitar sér áframhaldandi menntunar erlendis og skapar þannig ákveðin tengsl.“ Ekki er verra að menntunin er sótt úr tveimur heimsálfum og úr bestu háskólum heims. *„Þekkingarsöfnunin er alþjóðleg og viðmiðin verða því auðvitað alþjóðleg.“*

Rannsóknir og þróun

Sérfræðingarnir eru frekar ósammála þeim fullyrðingum að tækni, vísindi og þekking flytjist skilvirktilt til nýrra fyrirtækja frá háskólum og opinberum rannsóknarmiðstöðvum en eru hlutlausir þegar spurt er hvort ný fyrirtæki hafi jafngóðan aðgang að nýjum rannsóknum og tækni eins og stærri rótgrónari fyrirtækin. Þeir eru frekar ósammála á Íslandi séu nægjanlegir ríkisstyrkir og niðurgreiðslur handa nýjum fyrirtækjum til að tileinka sér nýja tækni. Sérfræðingunum var tíðrætt um framtíð og hlutverk nýja tækniþróunarsjóðsins en þegar viðtölin voru tekin var ekki búið að ákveða hversu mikið fjármagn skyldi leggja í hann. Grunnþekkingu sem þarf í tækni og vísindum til að ná góðum árangri við stofnun tæknifyrirtækja (á heimsmælikvarða) er að þeirra mati hvorki hamlandi né drifandi.

Flestir sérfræðinganna voru sammála um að auka þyrfti fjármagn í rannsóknir og þróunarstörf og þá ekki síst í tæknigreinum. Komst einn þeirra svo að orði: *„Það kostar hlutfallslega meira heldur en aðrar stærri þjóðir að halda uppi rannsóknum og þróunarstarfi þannig að menn verða að taka mið af því. Maður spilar ekki fótbolta með sjö mönnum það eru alltaf ellefu í liðinu.“*

Grunnstoðir viðskiptalífsins

Mat sérfræðinganna á grunnstoðum viðskiptalífsins er nokkuð hlutlaust. Þau atriði sem tengjast grunnstoðum í atvinnulífinu fengu frekar lágt mat vegna smæðar þjóðarinnar og að hluta vegna fjarlægðar frá öðrum löndum. Matið er lágt vegna þess að skortur er á aðgengi að ýmiss konar undirverktökum, birgjum og ráðgjöfum með sérhæfða þekkingu. Hins vegar er aðgangur að lögfræði- og endurskoðunarþjónustu talinn vera í ágætu lagi sem og aðgengi að góðri bankaþjónustu. Þetta kemur kannski talsvert á óvart því að margir sérfræðinganna nefndu í viðtölunum að slík þjónusta væri svo dýr að hún væri ekki fyrir hvern sem er og að auk þyrfti ráðgjöf við frumkvöðla.

Aðgangur að markaði og aðstöðu

Sérfræðingarnir voru mjög sammála eða frekar sammála því að góður aðgangur væri að allri aðstöðu eins og rafmagni, samskiptatækni o.s.frv. Þetta var reyndar niðurstaðan hjá flestum þróuðu landanna. Hins vegar er Ísland hátt í samanburði þjóðanna þegar kemur

að því hversu hratt markaðurinn milli fyrirtækja annars vegar og fyrirtækja og neytenda hins vegar breytist sem að öðru óbreyttu ætti að leiða til fleiri tækifæra fyrir ný fyrirtæki að koma inn á markaðinn. Aðgangshindranir á markaði fá aftur á móti ekki alveg eins góða einkunn. Sérfræðingarnir voru ósammála því að ný og vaxandi fyrirtæki hafi efni á að bera þann kostnað sem fólgin er í því að komast inn á markaði og að þau geti komið inn á markað án þess að vera á ósanngjarnan hátt útilokuð af rótgrónum fyrirtækjum. Hafa ber þó í huga að jafnvel þótt Ísland sé nokkuð hátt í þessu tilliti eru stigin fyrir Ísland nær þremur en fjórum sem ber vott um hlutleysi frekar en nokkuð annað.

„Lítill heimamarkaður, dýr aðföng og dýrt að flytja út. Þannig að markaðssetning vöru og þjónustu á Íslandi er erfð, hún er kostnaðarsöm vegna þess að heimamarkaðurinn er svo lítill að þú þarft fljótt að sækja út fyrir landsteinana sem margfaldar kostnaðinn og flækjustig.“

Menningar- og samfélagslegar venjur

Segja má að sérfræðingarnir telja að menning Íslendinga sé hliðholl frumkvöðlastarfsemi. Hvað þetta grunnskilyrði erum við númer þrjú í röðinni. Aðeins Bandaríkin og Hong Kong eru ofar okkur.

Samkvæmt mati sérfræðinganna eru sjálfsbjargarviðleitni, sjálfstæði og persónulegt frumkvæði mikilvægir þættir í menningu Íslendinga og það er jafnframt hluti af menningu Íslendinga að einstaklingar beri ábyrgð á eigin lífi (frekar en að það sé á ábyrgð heildarinnar).

"Fólki finnst gaman að prófa eitthvað nýtt. Það að stofna fyrirtæki er eitthvað sem fólk vilur ekki fyrir sér hérna á Íslandi. Stundum af meira kappi en forsjá." Gallinn er hins vegar oft á tíðum að „menn hafa tilhneigingu til þess að líta á þessi verkefni sem einstaklingsfóstur.“

Sérfræðingarnir eru hins vegar hlutlausir frekar en sammála þegar þeir eru spurðir um hvort menning Íslendinga styðji vel við einstaklinga sem komast áfram af eigin rammleik og til þess að taka viðskiptalega áhættu. Engu að síður kom fram í viðtölunum að það að mistakast geti svert mannorð frumkvöðla.

„Menn hafa ekki litið frumkvöðla neitt sérstaklega hýru auga, það t.d. að verða gjaldþrota hefur þótt mikil skömm og svartur blettur á mannorði manna, þannig að það eykur á áhættufælni fólks.“

Nokkrir sérfræðinganna höfðu einnig á orði að lítil menning værir fyrir sölu- og markaðsmálum.

„Frumkvöðlafyrirtæki eru oft stofnuð af briliant tæknifólki en það er ekkert markaðsfólk og ekki viðskiptafræðilega menntað. Það er ákveðinn hroki gagnvart markaðssetningunni og ofurtrú á vöruna frekar en að horfa á markaðina.“...„Það þarf að fjárfesta í

markaðsetningu og sérstaklega ef hugsað er um erlenda markaðssetningu. Þótt varan sé einstök þá mun enginn kaupa hana ef enginn veit af henni.”

5.4 Styrkleikar, veikleikar og breytingar

Eins og fram hefur komið voru tekin viðtöl við 19 sérfræðinga vorið 2003 þar sem þeir voru spurðir út í hvað takmarkaði umfangsmikla og árangursríka frumkvöðlastarfsemi, hvað stuðlaði að henni og að lokum hverju mætti breyta til að tryggja frumkvöðlastarfsemi nú og í framtíðinni. Viðtölin voru kóðuð þannig að styrkleikar, veikleikar og takmarkanir sem voru efst á blaði fengu meira vægi en það sem var nefnt síðast. Sérfræðingarnir, sem tekið var viðtal við vorið 2003, voru frekar sammála sérfræðingunum sem tekið var viðtal við árið á undan. Rennir þetta stoðum undir mikilvægi þeirra þátta sem nefndir voru og að það séu nokkuð skýrar línur.

5.4.1 Styrkleikar

Í viðtölunum við sérfræðingana vorið 2002 kom á óvart hversu sammála sérfræðingarnir voru um hverjir væru veigamestu þættirnir sem stuðla að umfangsmikilli og árangursríkri frumkvöðlastarfsemi, þ.e. stofnun fyrirtækja hvort sem er af einstaklingum eða fyrirtækjum. Það kom því ekki eins mikið á óvart þegar sérfræðingarnir voru ennþá sammála um þessa þætti í viðtölunum sem voru tekin vorið 2003. Þriðjungur viðmælendanna nefndu þætti sem falla undir menningu eða samfélagsleg gildi eins og sjálfsbjargarviðleitni. Fimmtungur nefndi almenna þekkingu og hæfni og 14% nefndu samsetningu þjóðarinnar og kosti sem því fylgja eins og stuttar boðleiðir og enn önnur 14% nefndu átaksverkefni. Ef þessir þættir eru flokkaðir eftir grunnskilyrðunum níu eru þeir eftirfarandi, raðað í röð eftir mikilvægi:

- (i) Menningar- og samfélagslegar venjur/gildi
- (ii) Menntun og þjálfun
- (iii) Verkefni hins opinbera/ Grunnstoðir viðskiptalífsins

Þessir styrkleikar felast í menningunni og tíðarandanum, almennri þekkingu og í þriðja lagi í kostum sem byggja á því hversu fá við erum og auðvelt er að nálgast menn og málefni. Síðast en ekki síst nefndu margir að átaksverkefni og verkefni á vegum hins opinbera væru af hinu góða svo sem Auður í krafti kvenna og námskeið Útflutningsráðs svo eitthvað sé nefnt.

„Hluti af menningunni er að bera virðingu fyrir athafnasemi fólks, virðingu fyrir því að fólk spjari sig sjálf.”

Þá voru sérfræðingarnir sammála því að almenn þekking væri nokkuð góð hér á landi þó að sérhæfðari þekkingu skorti ef til vill.

Þeir styrkleikar sem viðmælendurnir nefndu ættu ekki að koma á óvart eftir að hafa litið á niðurstöðurnar úr spurningalistunum en þar eru Íslendingar mjög sterkir þegar vikið er að

menningar- og samfélagslegum gildum. Jafnframt eru Íslendingar háir þegar lítið er á þekkingu og hæfni til að grípa tækifærin og fara út í frumkvöðlastarfsemi af einhverju tagi.

5.4.2 Veikleikar

Í viðtölunum við sérfræðingana voru þeir beðnir um að nefna þrjá veigamestu þætti sem takmarka umfang og árangur frumkvöðlastarfsemi, þ.e. stofnun fyrirtækja hvort sem er af einstaklingum eða fyrirtækjum og beðnir um að telja þá upp eftir mikilvægi. Kom í ljós að tæpur þriðjungur sérfræðinganna nefndi fjármagn sem takmörkun. 16% töluðu á einn eða annan hátt um hæfni einstaklinganna og um tíundihluti nefndi menningarlegar og samfélagslegar venjur og annar tíundihluti stefnu hins opinbera.

- (i) Fjármagnsstuðningur
- (ii) Menntun og þjálfun / hæfni
- (iii) Menningar- og samfélagslegar venjur
- (iv) Stefna hins opinbera

Í fyrra kom fjarlægðin oft til umræðu – hún gerði það einnig nú en viðmælendum var beint á þá braut að tala um aðra ókosti en fjarlægðina frá öðrum mörkuðum þar sem hún er nokkuð augljós en lítið hægt að gera við henni.

Eins og fram kom um fjármagnsstuðning í kafla 5.3 stendur fjármagnsskortur frumkvöðlastarfsemi fyrir þrífum. Olli þetta miklum áhyggjum meðal sérfræðinganna og var þeim umhugað um að eitthvað þyrfti að aðhafast til að bæta ástand mála. Þar sem skortur á fjármagn var oftast nefndur sem stærsta takmörkunin fyrir umfangsmikilli og árangursríkri frumkvöðlastarfsemi var ákveðið að gefa út sérskýrslu þar sem lítið væri á fjármögnun frumkvöðlafyrirtækja og fylgir sú skýrsla með þessari.

Menningin var ekki bara nefnd sem styrkleiki heldur einnig veikleiki. Höfðu sérfræðingarnir á orði að menningin leyfði engin mistök, það að verða gjaldþrota væri hneisa í hugum almennings sama af hvaða sökum viðskiptin gengu ekki upp. Þá voru sumir á því að frumkvöðlar hímdu oft einir yfir sínum hugmyndum og vildu ekki fá neinn annan til liðs við sig þótt það væri lykillinn að velgengni. Sjálfbjargarviðleitnin væri oft einum of mikil.

Hið opinbera var fyrst og fremst gagnrýnt fyrir að hafa ekki ákveðna stefnu í málefnum frumkvöðlastarfsemi og sú stefna sem væri til staðar bæri keim af byggðastefnu eins og fram kom í kaflanum um grunnskilyrðin. Þá fannst sumum sérfræðinganna að hið opinbera þyrfti að grípa inn í vegna fjármögnunarvanda frumkvöðlafyrirtækja eins og sakir standa.

5.4.3 Tillögur að breytingum

Eftir að hafa verið spurðir um þá þætti sem takmarka og stuðla að umfangsmikilli og árangursríkri frumkvöðlastarfsemi voru sérfræðingarnir beðnir að koma með tillögur um hvað væri hægt að gera til að auka umfang og árangur frumkvöðlastarfseminnar. Stefna hins opinbera kom oftast upp eða tæplega 30% svöruðu því til, tillögur um hvernig ætti að

bregðast við fjármögnunarfandanum voru 23% og 16% fjölluðu um verkefni sem hið opinbera ætti að standa í. 14% töluðu um menntun og þjálfun.

- (i) Stefna hins opinbera
- (ii) Fjármagnsstuðningur
- (iii) Verkefni hins opinbera
- (iv) Menntun og þjálfun

Stefna og verkefni hins opinbera

Það sem er í orði er ekki alltaf á borði – því er eðlilegt að fjalla um stefnu hins opinbera og verkefni hins opinbera í sömu orðum.

Mörgum sérfræðinganna var umhugað um almennt efnahagsumhverfi fyrirtækja, þeir töldu það að flestu leyti gott en miklar sveiflur í gengi og háir vextir voru þeim mikið áhyggjuefni. Voru þeir almennt þeirrar skoðunar að hið opinbera ætti almennt að beita sér fyrir því að almennt efnahagsumhverfi væri stöðugt og hliðhollt íslensku atvinnulífi en ekki ætti að beita sértækum aðgerðum. Voru lausnir eins og fjölmyntakerfi og upptaka evrunnar nefndar.

„Þær miklu sveiflur sem eru í hagkerfinu gera það að verkum að áhætta í fjárfestingum er meiri en annars staðar og frumkvöðla- og nýsköpunarstarfsemi er alltaf mun áhættu meiri en á þeim sviðum þar sem rekstur er þekktur, þannig að það eitt og sér getur virkað letjandi á utanaðkomandi aðila að fjárfesta í áhættuverkefnum.“

„Nóg er að láta hlutina ganga upp með eðlilegri viðskiptaáætlun sem gerð er þó að menn séu ekki að taka á sig gersamlega óviðráðanlegar sveiflur í viðbót.“

Það sem flestir nefndu var engu að síður að stjórnvöld skorti algjörlega stefnu í málefnum frumkvöðlastarfsemi og nýsköpunar. Sú stefna sem væri í gildi í dag væri einskonar byggðastefna. Þeim fjármunum, sem er ætlað til þessara þátta, er einnig dreift mjög víða og því eftir litlum upphæðum að sækjast á hverjum stað.

„Íslensk stjórnvöld, hver sem þau nú eru, þau móti skýrari stefnu í málefnum frumkvöðla og lítilla fyrirtækja, sem sagt geri einhvers konar samræmda framkvæmdaáætlun um það hvernig hið opinbera vill koma að þessum málaflokki á landsvísu. Óháð landspólitík. Út frá svona samræmdri stefnu þyrfti auðvitað að losa „alvöru“ peninga í frumkvöðlastuðning.“

„Hér á landi er nýsköpunarfjármagnið dreift á mjög marga aðila, smáar fjárhæðir og jafnvel byggðatengda aðila ... og það er nánast enginn þeirra sem hefur síðan færni til þess að meta margar af þessum hugmyndum sem eru mjög sérhæfðar og þarf alvöru þekkingu til þess að geta metið þær.“

Nefndu nokkrir að ef til vill væri betra að bjóða út reksturinn á þessum sjóðum, einnig kom upp sú tillaga að í stað þess að vera með ráðgjöf þá væri meira vit í að láta þann pening sem fer í að reka ráðgjafþjónustu til fyrirtækjanna sjálfra sem þekkja jú starfsemina.

Enn aðrir voru þó á því að gera þyrfti aðgang að ráðgjöf aðgengilegri og á viðráðanlegu verði. Þessar mótsagnir felast einkum í því að verið er að tala um hátækniyrirtæki annars vegar þar sem ráðgjafar hafa e.t.v. ekki nóga þekkingu á og fyrirtæki í hefðbundnum greinum. Nefndi einn sérfræðinganna, sem var hliðhollur því að einfalda allt hið opinbera kerfi sem snýr að stofnun fyrirtækja til muna að ekki væru til neinar leiðbeinandi reglur fyrir einstaklinga sem ætluðu að stofna fyrirtæki í þekktum iðnaði eins og veitingaþjónustu, viðgerðarþjónustu og svo mætti lengi telja. Þyrftu stofnendurnir hver á fætur öðrum að finna upp hjólið þegar þeir leituðu upplýsinga um hvaða réttindi þeir þyftu o.s.frv.

Þá var nefnt að hið opinbera ætti ekki að vera of mikið umhugað um að eiga hlut í frumkvöðlafyrirtækjum sem það leggur fé til þar sem hið opinbera fær tekjur með öðrum leiðum af fyrirtækinu eins og í gegnum laun og launatengd gjöld, virðisaukaskatt og fjármagnstekjuskatt.

Fjármagnsstuðningur

Eins og fram kom í kaflanum um grunnskilyrðin og í kaflanum um takmarkanir sem hindra umfangsmikla og árangursríka frumkvöðlastarfsemi eru sérfræðingarnir áhyggjufullir yfir stöðu mála eins og hún er. Þeir gera sér grein fyrir því að síðasta niðursveifla skildi fjárfesta eftir illa brennda og svo virðist sem þeir haldi að sér höndum fyrir vikið.

Fjárfestar þurfa útgönguleiðir úr fjárfestingum sínum. Sumir töldu líklegastu útgönguleiðina er í gegnum erlend fyrirtæki og því ættu fjárfestar að eyða meira púðri í að athuga og kanna fleiri útgönguleiðir og koma upp öflugri tengslum sín á milli og við erlenda aðila.

Sumum fannst bankarnir ekki vera nógu liðlegir og krefðust til að mynda alltof oft veða fyrir lántöku en aðrir bentu á að það væri ekki hlutverk bankanna að taka áhættu. Viðskiptabankarnir ættu þó að geta tekið meiri og ábyrgari þátt t.d. gætu bankarnir veitt meiri ábyrgðir, t.d. ef ungt fyrirtæki fengi stóra pöntun þá myndi bankinn ábyrgjast að veita lán til framleiðslu á vörunni.

Sú hugmynd kom upp oftar en einu sinni og oftar en tvisvar að hið opinbera ætti í stað þess að vasast sjálft í þessum málum að láta einkaaðilum eða viðskiptabönkunum það hlutverk í hendur að útdeila þeim fjármunum sem það ætlaði til frumkvöðlastarfsemi gegn ákveðinni þóknun. Einkaaðilar hefðu bæði betri þekkingu og hvata til að standa sig vel.

Ekki verður fjallað ítarlegar um fjármagnstuðninginn í þessari skýrslu en bent á skýrsluna um fjármögnun nýrra fyrirtækja.

Menntun, þjálfun og rannsóknir

Eins og sást í niðurstöðum spurningalistans þá er menntakerfið oft gert að blóraböggli og vildu margir að hið opinbera breyttu stefnu sinni og settu menntun á þessum nótum í meiri forgang.

„Ef við ætlum að byggja upp þetta land sem þekkingarland, þekkingarþjóðfélag þá væri nær að taka þessa peninga sem verið er að setja í jarðgöng og vegi og setja þá í menntun.“

Á svipaðan hátt og árið 2002 snéru flestar tillögurnar að menntun tengdri rekstri og frumkvöðlastarfsemi. Til þess að menntun í skólakerfinu geti betur undirbúið einstaklinga undir stofnun og rekstur nýrra fyrirtækja þyrfti að:

- a) Breyta kennslunni þannig að frumkvæði einstaklinganna og sköpunarkraftur fái notið sín og fólk geti unnið í hópum. Sjálfstæð vinnubrögð eru lykilatriði.
- b) Kenna fólki almennt um rekstur og viðskipti að það sé í stakk búið til að stofna fyrirtæki, hafi það góða hugmynd á annað borð, einnig þarf að kenna fólki grunntækni í að athuga hvort hugmyndir þeirra séu raunhæfar.
- c) Kenna hvernig bregðast eigi við alþjóðvæðingu og hvernig eigi að bera sig að við markaðssetningu í öðrum löndum.
- d) Kenna frumkvöðlafræði á öllum skólastigum.

Einnig mætti bæta við kennslu í hugverkaréttindum á efri skólastigum.

Með því að innleiða ofangreinda þætti í öll stig menntakerfisins þannig að einstaklingarnir geti tileinkað sér frumkvöðlahugsun og hæfni má segja að hálfur sigur sé unninn og nauðsyn á stuðningskerfi fyrir frumkvöðla ætti að minnka til muna.

Samkvæmt sérfræðingunum mætti einnig efla menntun og rannsóknir í tækni og vísindum því þar eru vaxtarbroddar nýsköpunar.

5.5 Samantekt

Afstaða til frumkvöðlastarfsemi skiptir máli. Þeir sem þekkja frumkvöðul sem hefur stofnað fyrirtæki, þeir sem telja að viðskiptatækifærin séu til staðar og telja sig hafa þekkingu, kunnáttu og hæfni til að stofna fyrirtæki eru mun líklegri til að láta verða af því. Afstaða Íslendinga til þessara þátta, hvort sem um er að ræða almenning eða sérfræðingana er upp til hópa jákvæð. Tekjuháir, vel menntaðir karlmenn eru jákvæðastir í þessu tilliti.

Viðhorf og menning skiptir líka máli þ.e. viðhorf almennings til þess að frumkvöðlar skari fram úr og öðlist frægð og frama. Ísland stendur svipað hátt og meðaltal allra hinna GEM-landanna. Engu að síður stendur Ísland í heild sinni vel þegar lítið er á menningarleg og samfélagsleg viðhorf sem ætti því ekki að verka sem hindrun á fólk að sýna frumkvæði og stofna fyrirtæki.

Viðtölin við sérfræðingana og spurningalistarnir sem þeir svöruðu gefa okkur mikilvægar vísendingar um það hvernig umhverfi frumkvöðlar eru að starfa, hvað vel er gert og hvað megi betur fara. Í örstuttu máli má segja að skortur á fjármagni standi frumkvöðlastarfsemi fyrir þrifum á Íslandi. Almenn þekking er góð en sérþekkingu, rekstrarþekkingu, tækniþekkingu og þekkingu á markaðsmálum er ábótavant og síðast en ekki síst þá þarf hið opinbera að móta sér skýrari stefnu í málefnum frumkvöðlastarfsemi og nýsköpunar. Einfalda þarf það kerfi sem fyrir er.

6 Niðurstöður og ályktanir

Meginmarkmið GEM-rannsóknarinnar er að kanna áhrif frumkvöðlastarfsemi á hagvöxt landa með því að bera saman frumkvöðlastarfsemi og umhverfi hennar í mismunandi löndum. Til þess að geta metið samband frumkvöðlastarfsemi og hagvaxtar þarf að safna gögnum yfir lengra tímabil en gert hefur verið hingað til og því snúast niðurstöður rannsóknarinnar enn sem komið er fyrst og fremst um samanburð á frumkvöðlastarfsemi og umhverfi hennar.

Niðurstöður þessarar skýrslu sem er önnur sinnar tegundar sem framkvæmd er á Íslandi eru í takt við niðurstöður rannsóknarinnar árinu áður þótt smávægilegar breytingar séu á milli ára. Í fyrra kom í ljós að umfang frumkvöðlastarfsemi er mikið á Íslandi en áhyggjur voru yfir því að sá mikli kraftur sem byggir með þjóðinni væri vannýttur vegna skorts á fjármagni og menntun sem snýr að rekstri, frumkvæði og frumkvöðlastarfsemi almennt. Lögð var áhersla á að stjórnvöld gengdu mikilvægu hlutverk í að marka stefnu og aðgerðir til þess að taka á þessum veikleikum.

Í raun hefur ástandið breyst mjög lítið milli ára. Aðstæður til fjármögnunar hafa ekki batnað nema síður sé. Lítið hefur verið gert til að efla frumkvöðlamenntun og stjórnvöld hafa ekki sett fram skýra stefnu hvernig þau hyggist koma að málunum.

Helsta breytingin milli ára er að svo virðist sem það hafi dregið aðeins úr krafti íslenskra frumkvöðla. Marktækt fleiri voru að undirbúa stofnun fyrirtækis árið 2003 en árið áður á meðan marktækt færri voru hins vegar nýlega búnir að stofna fyrirtæki. Heildarfrumkvöðlastarfsemi stendur aftur á móti í stað á milli ára. Væntingar til fyrirtækjanna hafa minnkað og almennt virðist fólk ekki vera eins áræðið og árið 2002. Fleiri eru að undirbúa stofnun fyrirtækis og þau fyrirtæki sem búið er að stofna eru frekar í hefðbundnum atvinnugreinum en í sérhæfðri viðskiptaþjónustu.

Hugsanlegt er að minni kraftur meðal íslenskra frumkvöðla eigi sér skýringu í því að þeir séu raunhæfari en áður. Þeir gefi sér betri tíma til þess að undirbúa stofnun fyrirtækja og geri sér raunhæfari væntingar um framtíð þess. Hins vegar getur skýringin einnig verið sú að erfiðleikar við stofnun og rekstur nýrra fyrirtækja sé byrjaðir að draga kjarkinn úr íslenskum frumkvöðlum. Ef það er rétt er enn brýnna fyrir stjórnvöld að takast á við þá veikleika sem er að finna í umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi.

Verkefnastjórn, rannsóknarteymi og styrktaraðilar

	Stofnun		Pátttakendur	Styrktaraðilar
Framkvæmdarstjórnar GEM verkefnisins	Babson College Business School	London	William D. Bygrave Michael Hay	Ewing Marian Kauffman Foundation
Verkefnastjóri GEM	Babson College London Business School		Paul D. Reynolds	
Verkefnastjórn GEM	Babson College		Paul D Reynolds William D. Bygrave Marcia Cole	
	London Business School		Paul D Reynolds Erkko Autio Michael Hay Stephen Hunt Isabel Servais Natalie DeBono Michelle Hale Caroline Johns Kristin Bekkeseth Nancy Chin Anwen Garston Michel Mouchiroud Bolo Olufunwa Emily Ng Shashank Pattekar Jagriti Patwari Ingvild Rytter Charles Conrad Uy Steven Haslett, Consultant Charles Palit, Consultant	Francis Finlay, Chairman and CEO, Clay Finlay, Inc. David Potter Foundation Fellow
Fjölskyldufyrirtæki Special Topic	Alfred University Oregon State University		Carol Wittmeyer Mark Green	Raymond Family Business Institute
Land	Stofnun		Pátttakendur	Styrktaraðilar
Argentína	Center for Entrepreneurship IAE Management and Business School Universidad Austral		Silvia Torres Carbonell Hector Rocha Florenia Paolini	IAE Management and Business School HSBC Private Equity Latin America
Ástralía	Australian Graduate School of Entrepreneurship, Swinburne University of Technology		Kevin Hindle Susan Rushworth Ann Copeland	Westpac Banking Corporation
Belgía	Vlerick Leuven Gent Management School, Ghent University		Dirk De Clercq Sophie Manigart Hans Crijns Bart Clarysse Frank Verzele David Zegers	Vlerick Leuven Gent Management School Steunpunt Ondernemerschap, Ondernemingen en Innovatie (Flemish Ministry of Economics) 4x4 Entreprendre (Walloon Ministry of Economics)
Brasilía	IBQP - Instituto Brasileiro da Qualidade e Produtividade no Paraná		Marcos Mueller Schlemm Simara Maria S. S. Greco Joana Paula Machado Nerio Aparecido Cardoso	SEBRAE- Serviço Brasileiro de Apoio às Micro e Pequenas Empresas Instituto Euvaldo Lodi do Parana
Kanada	École des Hautes Études Commerciales de Montréal (HEC-Montréal) University of British Columbia (UBC)		Nathaly Riverin Louis-Jacques Filion Daniel Muzyka Ilan Vertinsky Aviad Pe'er Oana Branzei	Chaire d'entrepreneuriat Rogers-J.-A. Bombardier, HEC Montréal Développement Développement Économique Canada, pour les régions du Québec Industry Canada, Small Business Policy Branch The W. Maurice Young Entrepreneurship and Venture Capital Centre The Social Sciences and Humanities Research Council of Canada
Chíle	ESE - Universidad de Los Andes		Alfredo Enrione Nicolás Besa David Kimber Ricardo Sanhueza	ESE Business School - Universidad de los Andes

Kína	Tsinghua University Asia Institute of Babson College	Yanfu JIANG Jian GAO Yuan CHENG Qiong QUI Robert NG Bing XIAO Jianfei WANG Qiyue ZHONG Xiao ZHENG Ping WEI Kerothera	School of Economics and Management, Tsinghua University National Entrepreneurship Research Center of Tsinghua University
Króatía	SME's Policy Centre - CEPOR Zagreb J. J. Strossmayer University in Osijek	Slavica Singer Sanja Pfeifer Natasia Sarlija Djula Borozan Suncica Oberman	Ministry of Crafts, Small and Medium Enterprises Open Society Institute - Croatia J.J. Strossmayer University in Osijek SME's Policy Centre – CEPOR, Zagreb
Danmörk	University of Southern Denmark	Mick Hancock Torben Bager Lone Toftild Thomas Schoett Kim Klyver	Erhvervs- og Boligstyrelsen Ernst & Young (Denmark) IRF - Industriens Realkreditfond Danfoss Vækstfonden FUHU Boersen Tuborgfonden
Finnland	Helsinki University of Technology	Erkko Autio Pia Arenius Anne Kovalainen	Ministry of Trade and Industry National Technology Agency Tekes
Frakkland	EM Lyon	Olivier Torres Isabel Servais Aurélien Eminet	Chaire Mérieux Entreprendre
Þýskaland	University of Cologne	Rolf Sternberg Heiko Bergman Ingo Lueckgen	KfW Bankengruppe Ernst & Young
Grikkland	Foundation for Economic and Industrial Research (IOBE)	Stavros Ioannides Takis Politis	Greek Ministry of Development IOBE Sponsors
Hong Kong	The Chinese University of Hong Kong Shenzhen Academy of Social Sciences	Bee-Leng Chua David Ahlstrom Au Kwok Kwok Law Low Shige Makino Thomas Le Zheng Wang Weili Dong Xiaoyuan	Trade and Industry Department, SME Development Fund, Hong Kong Government SAR Kevin Siu-Tong Asia Pacific Institute of Business, The Chinese University of Hong Kong Cheung-Chee-Keong Chinese Executives Club, Hong Kong Management Association Hugh
Ísland	Reykjavik University	Agnar Hansson Guðrún Mjöll Sigurðardóttir Halla Tomasdóttir Rognvaldur Saemundsson	Reykjavik University The Confederation of Icelandic Employers New Business Venture Fund Prime Minister's Office
Írland	University College, Dublin	Paula Fitzsimons Colm O'Gorman Frank Roche	Enterprise Ireland Intertrade Ireland
Ítalía	Bocconi University	Guido Corbetta Alexandra Dawson Ugo Lassini	Bocconi University
Japan	Keio University University of Marketing & Distribution Sciences	Tsuneo Yahagi Takehiko Isobe	Monitor Company

Nýja-Sjáland	New Zealand Centre for Innovation & Entrepreneurship UNITEC Institute of Technology	Alex Maritz Anton de Waal William D. Bygrave (Babson College) Dean Prebble Debbie Rolland Greg Wilson Helen Mitchell Howard Frederick John Blackham, Xsol Ltd John Thompson (University of Huddersfield) John WEBster Judi Campbell Matt Twomey Peter Carswell Prue Cruickshank Rt. Hon. Jenny Shipley, Former Prime Minister of New Zealand Shelley Eden Simon Peel Tim Boyd-White Vance Walker Yunxia Zhu	UNITEC Institute of Technology New Zealand Centre for Innovation and Entrepreneurship School of Management & Entrepreneurship School of Communication
Noregur	Bodø Graduate School of Business	Lars Kolvereid Svenn Are Jenssen Gry Agnete Alsos Eirik Pedersen Maiken Johansen Bjørn Willy Åmo Erlend Bullvåg Elin Oftedal	Ministry of Trade and Industry Bodø Graduate School of Business Kunnskapsparken AS Bodø, Center for Innovation and Entrepreneurship Innovation Norway
Singapore	National University of Singapore Entrepreneurship Centre	Poh Kam Wong Finna Wong Lena Lee Yuen Ping Ho	Economic Development Board of Singapore National University of Singapore
Slóvenía	Institute for Entrepreneurship and Small Business Management, Faculty of Economics & Business, University of Maribor	Miroslav Rebernik Karin Širec - Rantaša Polona Tominc Miroslav Glas Viljem Pšeničny	Ministry of Education, Science and Sports Ministry of the Economy Small Business Development Centre Chamber of Crafts of Slovenia Finance - Slovenian Business Daily
Suður-Afríka	The UCT Centre for Innovation and Entrepreneurship, Graduate School of Business, University of Cape Town	Mike Herrington John Orford Eric Wood	Liberty Group South African Breweries
Spánn	Instituto de Empresa	Alicia Coduras Paloma López Rachida Justo Ignacio de la vega	NAJETI Group Instituto de Empresa
	Catalonia Unit		
	Universidad Autonoma	José M. Veciana Enric Genesca Yancy Vailant David Urbano	Institut d'Estudis Regionals i Metropolitans de Barcelona
	Andalucía Unit		
	Universidad de Cádiz	José Ruiz Navarro José Aurelio Medina Garrido José Daniel Lorenzo Gómez	Consejería de Empleo y Desarrollo Tecnológico (Junta de Andalucía)
	Extremadura Unit		

	Fundacion Xavier de Salas	Ricardo Hernández J Carlos Díaz	Sofix Sodiex Caja Rural de Extremadura Foundation Los Santos de Maimona
Svíþjóð	ESBRI Entrepreneurship and Small Business Research Institute	Magnus Aronsson Helene Thorgrimsson	Confederation of Swedish Enterprise Swedish Agency for Innovation Systems (VINNOVA) Swedish Business Development Agency (NUTEK) Swedish Institute for Growth Policy Studies (ITPS)
Sviss	University of St. Gallen (KMU - HSG) IMD HEC-Lausanne Switzerland	Thierry Volery Benoit Leleux Georges Haour Bernard Surlemont Diego Chaantrain	KTI / CTI KMU - HSG IMD
Holland	EIM Business & Policy Research	Sander Wennekers Niels Bosma Guido Brummelkamp Marco Mosselman Maarten Overweel Heleen Stigter Roy Thurik	Dutch Ministry of Economic Affairs
Úganda	Faculty of Commerce, Makerere University Business School	Thomas Walter Waswa Balunywa Peter Rosa Arthur Sserwanga Stefanie Barabas Rebecca Namatovu	European Union Bank of Uganda Spear Motors Ltd Makerere University Business School
Bretland	London Business School The Work Foundation	Rebecca Harding Michael Hay Mark Cowling	Small Business Service Barclays Bank The Work Foundation South East of England Development Agency One North East InvestNI Entrepreneurial Working Party Ernst & Young
	Northern Ireland Unit		
	Kingston University Economic Research Institute of Northern Ireland Invest NI	Mark Hart Maureen O'Reily Carol Keery	Invest NI
	Scotland Unit		
	University of Strathclyde	Jonathan Levie Wendy Brown Sarah Cooper	Hunter Centre for Entrepreneurship @ Strathclyde
	Wales Unit		
	University of Glamorgan North East Wales Institute of Higher Education	David Brooksbank Dylan Jones-Evans	Welsh Development Agency
Bandaríkin	Babson College	William D. Bygrave Paul D. Reynolds Maria Minniti Marcia Cole	Ewing Marion Kauffman Foundation
Venesúela	Instituto de Estudios Superiores de Administración (IESA)	Gastón Arévalo Roberto Vainrub	Grupo Mercantil Fundación IESA